

Fyrst með  
**völvuspa**



Sirry fer á RUV

Bubbi yngir upp

Astin endist ekki

Unnur hittir ástina

# hér & nú

Fimmtudagur 22. desember 2005 - 31. tbl. - 1. árgangur - Verð: 395 krónur

Ómissandi  
um jólin

# Stjörnuannáll

395kr.  
blöð í  
þrjú einu

ársins


# 2005

Stjörnu-  
skilnaðir

Stjörnu-  
giftingar

Stjörnu-  
börn

og miklu  
meira...



**BERGLIND**  
**ICY**  
LJÓSHÆRD  
Á LAUSU



Brynja X  
og Steini  
Steph

**Dóttir-in fékk  
nafnið Nýrún**



**KATRÍN  
JAKOBS**  
**EIGNAÐIST  
JÓLASTRÁK**



ISSN 1670-598X  
9 771670 598005

L'

O

R



Milla notar  
True Match  
lit N5 Sand



É

A

L

PARIS

Fyrsti farðinn frá Loréal sem aðlagar sig fullkomlega að lit og áferð húðar.

## NÝTT true match

Sérstök blanda sem veitir fullkomna förðun



### HVAÐ ER NÝTT

Farði sem aðlagast áferð og lit húðarinnar fullkomlega. Léttur og þægilegur í notkun, mjög auðvelt að stýra áferð hans. Ferskur og eðlilegur, en þekur vel svo húðin virðist lýtalaus.

### HVAÐ ER SATT

Einstakir 10 litatónar. Aðlaga sig fullkomlega að þínum eigin húðlit.

### HVAÐ ER INN

Húðin verður strax áferðarfallegri. Örfín áferð farðans gerir húðina lýtalaus. Ríkt af B5 og E vítamínunum.

### HVAÐ ER ÚT

Kekkir og farði með þéttri áferð. Uppgötvaðu fallega áferð og fullkominn lit, loksins farði sem þú munt elska að nota.

Eins nálægt þinni eigin húð og nokkur farði getur verið.

ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ.

L'ORÉAL  
PARIS







haukinn / 06

*Linda*

*Gledileg jólagjöf*



# hér & nú

3 blöð í einu



6

## STJÖRNUFRÉTTIR

**6** Nýbakaðir foreldrar: Þorsteinn Stephensen og Brynja X. eignuðust jóladóttur þann 8. desember.

**7** Katrín Jakobsdóttir: Eignaðist dreng í byrjun desember og var í viðtali við Marie Claire.

**9** Mínušliðar fjölga sér: Bjössí trommari eignast barn og Bjarni á von á einu.

**10-13** Það helsta sem gerðist á árinu: Nærbuxnalaus diskóbytta á einkaþotu í Las Vegas.

**14-18** Þör ársins: Árið 2005 var gjöfult í ástalfinu. Hér & nú taldi þrjátíu og átta stjórnupör sem byrjuðu saman á árinu.

**20-21.** Þau giftu sig á árinu: Búðkaup ársins var án efa þegar sjónvarpsstjörnurnar Logi Bergmann og Svanhildur giftu sig en mörg önnur skemmtileg brúðkaup fóru fram.

**22-24** Þau hættu saman á árinu: Það voru nokkur þör sem hættu saman á árinu 2005.

**26-29** Allir að fjölga sér: Linda Pétursdóttir og Ísabella og allir hinir sem eignuðust barn á árinu.

**30-31** Hér & nú-kosningar á visir.is. Hver stóð uppi sem sigurvegari?

**32-33** Giftingar í Hollywood 2005: Donald trumpaði öll hin brúðkaupin.

**34-35** Skilnaðir í Hollywood 2005: Brad Pitt og Jennifer Aniston, Jessica Simpson og Nick Lachey og allir hinir sem skildu.

## LÍFSSTÍLL

**37** Hver fannst þér vera frétt ársins? Þjóðþekktir Íslendingar segja sína skoðun.

**38-39** Ljónshærð á lausu: Hollywood-stjarnan Berglind Ólafsdóttir á Íslandi um jólin.

**40-41** Innlendir molar og pistill.

**42-45** Jólakjólur Reginu Óskar, Hrefnu Jóhannesdóttur og Heru Hjartardóttur.

**46-47** Kveðjum árið með kokkteilum! Hressandi áramótakokkteilar og uppskriftir.

**49-56** Völvuspá Hér & nú fyrir árið 2006. Sjó blaðiður stútfullar af skemmtilegum spádómum.

## ALVÖRU FÓLK

**58** Hvert fara stjörnurnar á Íslandi til að fagna nýju ári? Hvað er á matseðlinum og hvað kostar það?

**60-62** Ingólfur Guðbrandsson opnar dyrnar fyrir lesendum Hér & nú.

**64** Taktu prófið: Hvað veistu um jólin?

**66** Leikjaopna: 10 hlutir sem þú vissir ekki um Guðlaugu Elisabetu Ólafsdóttur og krossgáta vinnur.

**68:** Hér & nú-stúlkan: Jóhanna Pálsdóttir, 18 ára. Jólaleg og sæt.



26-29



32-33



7



14-18



20-21



38-39



42-45



60-62



46-47

## Þorsteinn Stephensen og Brynja X. eignuðust stelpu 8. desember

STJÖRNU-  
FRÉTTIR

„Það er von á allri stórfjölskyldunni hingað út svo þetta verða allsherjar fjölskyldujól hérna úti.“

**Nýbakaðir foreldrar**  
Í skjúnum yfir jólabarninu sem fæddist þann 8. desember.

**Flott Brynja X.** er ein glæsilegasta kona landsins og var þula á árum áður.

**Madrid** Falleg borg. Þar sér Brynja um rekstur verslana Karen Millen.

# NÝFÆDD DÓTTIR FÉKK NAFNIÐ NÝRÚN

Fæðingin gekk vonum framur og allir eru við hestaheilsu,“ segir Þorsteinn Stephensen, nýbakaður faðir. Hann er staddur í Madrid, höfuðborg Spánar, þar sem hann býr með hinni nýbókuðu móður, Brynju X. Vífilsdóttur. „Okkur Brynju fæddist dóttir þann 8. desember sem hefur fengið nafnið Nýrún,“ segir Þorsteinn ánægður með lífið.

Þorsteinn og Brynja búa í Madrid þar sem Brynja sér um rekstur Karen Millen-tískuverslanna á Spáni og í Portúgal. Brynja er með

glæsilegri konum Íslands. Auk fyrisætustarfa er hún íslenskum sjónvarpsáhorfendum að góðu kunn sem dagskrárþula hjá RÚV á árum áður. Brynja lagði stund á mannfræði við Háskóla Íslands og starfaði talsvert við fararstjórn.

### Menningarfrömuður

Þorsteinn er með annan fótinn heima á Fróni. Hann er einn virkasti tónleikahaldari landsins og eigandi skemmtanafyrirtækisins Hr. Örylgs sem sér um innflutning á hljómsveit-

um hingað til lands. Hr. Örylgur stendur meðal annars að Iceland Airwaves-tónlistarhátíðinni, einhverri mestu menningarvöku höfuðborgarinnar.

### Stórfjölskyldan á leiðinni

Hinir nýbókuðu foreldrar ætla að eyða jólnum saman í faðmi stórfjölskyldunnar. „Það er von á allri stórfjölskyldunni hingað út svo þetta verða allsherjar fjölskyldujól hérna úti,“ segir Þorsteinn glaður í bragði.



# Katrín Jakobsdóttir eignaðist lítinn dreng í byrjun desember



Marie Claire Er eitt vinsælasta tímarit í heimi.



Viðtalið Katrín tók þátt í einhvers konar getraun í nýjasta hefti Marie Claire.

Katrín Jakobsdóttir Eignaðist lítinn dreng í byrjun desember og var í viðtali við Marie Claire.

## ÞETTA ER BESTA JÓLAGJÖFIN

Ég er léttari, það eru tvær vikur síðan ég átti," segir Katrín Jakobsdóttir varaformaður vinstri grænna. „Það var drengur, þetta gekk vel og hann er bara akkúrat passlegur," bætir Katrín við en nýlega birtist viðtal við hana á síðum tímaritsins Marie Claire. „Þetta er einhvers konar getraun. Það hringdi í mig bandarísk blaðakona sem hefur verið að vinna eitthvað fyrir Iceland Review og bað mig um smá spjall, þetta er

bara fyndið," segir Katrín en í viðtalinu segir hún frá sjálfri sér og Íslandi. Lesendur geta síðan unnið tvö hundruð dollara ef þeir vita frá hvaða landi Katrín kemur. „Ég er mjög illa að mér í þessari menningu og skoða bara svona tímarit þegar ég er á flugvöllum og svona.“ Kærasti Katrínar er Gunnar Sigvaldason heimspekinemi og er þetta þeirra fyrsta barn. „Þetta er besta jólagjöfin.“

Katrín ætlar að taka því rólega um og eftir áramótin. „Þetta krefst mikillar athygli og ég verð heima til að byrja með.“

Í viðtalinu í Marie Claire er mynd af Gunnari kærasta Katrínar en það hefur ekki birst mynd af honum í íslenskum blöðum. „Nei, sko, hann kemur eingöngu fram í alþjóðlegum tímaritum," segir Katrín að lokum og hlær. Hér & nú óskar Katrínu og Gunnari til hamingju með drenginn.



# stubbahúsið


-Stubbinn á sinn stað

Fæst nú einnig í  
minni útgáfu,  
hentugt á svalir  
og í bústaðinn:

**Nýtt**



**Pöntunarsími:**  
**896 1783**  
**564 1783**



STJÖRNU-  
FRÉTTIR

## Bjössí trommari eignast barn og Bjarni á von á einu

Mínus Fjölga sér óðfluga.



Eignuðust stelpu  
Bjössí og Íris eignuðust  
stelpu fyrir skömmu.

Mínusbörn!



Eiga von á barni  
Bjössí og Hrefna Björk  
eiga von á barni.

# MÍNUSLIÐAR FJÖLGA SÉR

Þetta var stelpa og var hún þrettán merkur. Fæðingin tók langan tíma en konan mín var sterk og ég er mjög stoltur af henni," segir Bjössí trommuleikari Mínuss sem var að eignast stelpu með Írisi kærustu sinni. Hefur hún fengið nafnið Salka Björnsdóttir.

Bjössí er ekki einn um barneignir í Mínus því Bjarni Magnús Sigurðarson gítarleikari og kærastan hans, Hrefna Björk Sværissdóttir sem oftast er kennd við tímaritið Orðlaus, eiga vona á barni. Hrefna er komin tæplega fjóra mánuði á leið og er parið í skýjunum. Það verður gaman að vita hvort Bassafanturinn fylgi ekki í

fótspor félaga sinna og fjölgi sér en hann er á föstu með hinni dönsku Mörshu en þau stefna á giftingu næsta sumar.

Hljómsveitin Mínus hefur ekki verið mjög áberandi upp á síðkastið. Það kunna að vera ýmsar ástæður fyrir því en ein aðalástæðan er sú að söngspira Mínusmanna, hinn stífmálaði Krummi, hefur verið að syngja með hinum og þessum tónlistarmönnum og eytt miklum tíma í fatabúðinni Elvis. Þeir eru þó búnir að forvinna plötuna sína en eru ekki byrjaðir að taka upp. Mínus mun koma fram á Toyota-tónleikum 7. janúar næstkomandi.



Bassafanturinn Pröstur og Marsha ætla að gifta sig næsta sumar, kannski þau stefni á barneignir eins og hinir strákarnir.



# ÞAÐ HELSTA SEM GERÐIST Á ÁRINU

# NÆRBUXNALAUS DISKÓBYTTA Á EINKAÞOTU Í LAS VEGAS



**Einar Ágúst Víðisson**

Sló í gegn á árinu en sagðist bara vera „diskóbytta“.

**Jónína Benediktsdóttir** Var nærbuxnalaus og sendi nokkur e-mail á árinu.



**Kiefer Sutherland**  
Sló í gegn á Íslandi.



**Heiðar Austmann**  
Nefbrotnaði á nýársdagsmorgun.



**Las Vegas**  
Eiður Smári bauð strákunum til Vegas.

## hér&nú GERIR UPP ÁRIÐ

Árið byrjaði ekki skemmtilega hjá útvarpsmanninum geðþekka **Heiðari Austmann**. Stráknum var heilsað að sjómannasið á nýársdagsmorgun og hlaut hann nefbrot í kjölfarið. Hann var þó lítið að stressa sig á kjaftshögginu og slepti því að kæra ódæðismennina. Hollywood-stjarnan **Kiefer Sutherland** rótaði heldur betur upp í íslensku skemmtanalífi þegar hann kom hingað yfir áramótin. Náði

sér í íslenska kærustu og talaði svo um djammferðina hjá David Letterman. Það var síðan skemmtileg uppákoma á Kofa Tómasar frænda þegar ofursjarmörinn **Geir Ólafsson** kleip stjórnuna í rassinn en þrætti svo fyrir allt saman.

### Erlendar stórstjörnur

Kiefer var ekki eina Hollywood-stjarnan sem steig niður fæti hér á landi á árinu. Sumarið

var stúfult af stjórnunum enda var **Clint Eastwood** að taka upp stórmynd á Reykjanesinu. Clintarinn var flottur og mætti með konuna og dóttur sem spókuðu sig um götur Reykjavíkur.

Þeir **Ryan Phillippe** og **Jamie Bell** voru líka heitir á djamminu og söguðu að sér íslenskt kvenfólk sem hélt ekki vatni yfir stjórnunum. Margar kjaftasögurnar spunnust í kringum djammferðir strákanna og segja sumir

að Ryan hafi kynnst **Unni Birnu**, sem þá var aðeins ungrú Ísland, betur en aðrir á djamminu. Jamie Bell var mest í því að rífa kjaft og vera með einhver leiðindi.

Gítarhetjan **Eric Clapton** renndi fyrir lax í Laxá á Ásum en vildi ekkert með fjölmiðla hafa, gaf blaðamanni Hér & nú þó eiginhandararitun. Ein fallgasta kona heims **Cameron Diaz** drakk kokkteila á Austurvelli en fór framhjá öllum nema DV og



# 2005




**Ryan Phillippe og Jamie Bell**  
Vorur flottir á djamminu í sumar.



**Cameron Diaz**  
Drakk kokkteila á Austurvelli en fór framhjá flestum.



**Stjarna ársins**  
Unnur Birna gerði sér lítið fyrir og vann Miss World.



**Eric Clapton**  
Gaf blaðamanni eiginhandararitun.



**Café Oliver**  
Var opnaður í byrjun sumars og var sjóðandi heitur á árinu.

**Snoop Dogg**  
Hélt magnaða tónleika í Egilshöll.

Hér & nú sem birtu myndir af stjörnunni. Ótal hljómsveitir héldu tónleika. **Simon LeBon** og Duran Duran voru flottir sem og raphundurinn **Snoop Dogg**, sem tryllti ungiðið í Egilshöllinni. Foo Fighters og **Dave Grohl** voru flottir og **Placido Domingo** þandi raddböndin í Laugardalshöllinni. Mesta ævintýrið var þó farið í kringum Beckham-hjónin. Beðið eftir Beckham var uppákoma sem fór úr böndunum, því

aldrei létu hjónin á sér kræla hér þó margir hafi talið sig sjá ríkasta knattspyrnumann í heimi í miðbæ Reykjavíkur. Ekki má gleyma stjörnunni Amber úr Glæstum vonum sem fór í ferðalag með Hér & nú.

### Íslensku stjörnurnar slógu í gegn

Ein merkilegustu tíðindi sumarsins var opnun skemmtistaðarins **Café Oliver** sem var stútfullur

hverja einustu helgi eftir það. Allir sem einhverju máli skipta hristu á sér bossann og drukku dýrindis mojito. **Eiður Smári** var tíður gestur á Oliver en hann klúðraði dauðafæri á móti **Liverpool** í undanúrslitum meistaradeildarinnar. Klárlega einn af hápunktum ársins. Hann vann það þó upp þegar hann sigraði í ensku deildinni mjög sannfærandi með liði sínu Chelsea. Eftir tímabilið var Eiður svo flottur á því og

bauð vinum sínum í lúxuserð til **Las Vegas**. **Auddi, Sveppi** og konurnar flugu í einkaþotu, gistu á flottasta hótelinu, fóru í spilavíti og keyrðu um í limmósínu. Allt í boði Smárans. Hér & nú komst yfir myndir úr ferðinni og birti allt saman. Flottir.

**FRAMHALD Á NÆSTU OPNU**

ÞAÐ HELSTA SEM GERÐIST Á ÁRINU

2005

**hér&nú GERIR UPP ÁRID**

**Silvía Nótt**

Kom, sá og sigraði. Tók tvær Eddur með sér heim.



**Ragnhildur Gísladóttir**

Hætti í hljómsveitinni Stuðmenn.




**Trúlofun í beinni**

Stefán Karl og Steinunn Ólína trúlofuðu sig í beinni hjá Sirry.



**Afsökunarbeiðnin**

Nokkrir hressir keyptu auglýsingu í New York Times.



**Ólafur Sturla Njálsson**

Var allsber í Ölfusi með Bengalköttunum sínum.



**Pórey Edda**

Lenti í þýsku slúðurpressunni. Hún var sögð eiga í ástarsambandi við Albert Mónakófursta.



**Hildur Vala Einaradóttir**

Vann Idol byrjaði n... tókustjórn



**Idol - Stjörnuleitin** náði nýjum hæðum í íslensku sjónvarpsáhorfi. Önnur sería, miklu flottari, stærri og betri. Hver einasta fjölskylda stundi með öndina í hálsinum þegar hver keppandinn á fætur öðrum var kosinn út. **Hildur Vala Einaradóttir** sló öllum við og sigraði, gaf út sólóplötu og byrjaði með upptökustjóranum. **Stefán Karl** leikari bað **Steinunnar Ólínu** í beinni hjá **Sirry**

sem síðar tók viðtal við nærbuxnalaus **Jónínu Ben**. Ástarsamband Jónínu og **Styrmis ritstjóra** komst einnig í fréttirnar eftir að Jónína ruglaðist og gerði óvart „Reply to all“. **Silvía Nótt** reif kjaft, hneykslaði alþjóð og rúllaði svo upp Eddunni. Það er þó einn maður sem kom eins og stormur inn í íslensku þjóðlíf. **Egill „Gillzenegger“ Einarsson** var óþekktur sprellgosi úr Kópavog-


inum í byrjun árs. Nú hefur hann skrifað bók, verið á forsiðum tímarita, stjórnað útvarpsþætti og er víst á leið í sjónvarpið. Geri aðrir betur. Hnyttinn húmor og óheflað málfar „Neggarsins“ heillaði land og þjóð. Flottur.

**Skemmtilegar fréttir á árinu**


**Pröstur 3000** var rekinn af FM 957 á árinu. Opnaði sig svo í

Séð og heyrð og sagði eintóma hundraðkalla eftir á stöðinni. **Ásgeir Kolbeins** tók við af þrjúþúsaranum en ætla nú að leita nýrra vidda. **Davíð Þór** hætti í bjórnum og fór í meðferð, og **Katrín Jakobs** varð óvart ófrísk. **Einar Ágúst** fyrrverandi móralsmaður var dæmdur í héraðsdómi fyrir nokkur grömm af amfetamíni. Sagðist þó bara vera „diskóbytta“ og gaf blaðamanni á







**Egill Einarsson**  
Gillzeneggerinn er stjarna ársins og afrekaði margt.




**Kosningabaráttu Gísla Marteins**  
Var ansi mögnuð en skilaði honum þó ekki fyrsta sætinu.




**Bobby Fischer**  
Býr nú á Íslandi og borðar grænmetisþisur.




EF GMS VINNUR EKKI  
MUN EKKERT BREYTAST  
ÞÍÐERUM FÉÐIRINGUM ÖÐRA  
SAMVÉLD. NÚ ER ÖMÍÐ AD  
FERMÍNINGAR




**Ólafur og Dorrit**  
Voru flott í Kína.



**Elður Smári**  
Bauð vinum sínum til Las Vegas og Chelsea hreppti Englandsmeistaratið.



**Hættur**  
Davíð Oddsson kvaddi íslensk stjórnsmál á árinu.



**Styrmir Gunnarsson**  
Ritsjóri Moggans sagður hafa átt í ástarsambandi við Jónínu Ben.

kjafinn í miðbænum. **Ragga Gísla** kvaddi Stuðmenn og allsberi kattamaðurinn, **Ólafur Sturla Njálsson**, sló í gegn á brókinni í Ölfusi með Bengal-kettina sína. Skákadóninn **Bobby Fischer** tróð sér inn í íslenskt samfélag og talaði illa um gyðinga. Ferðaðist um bæinn í strætó og týndi tómata af pitsunni sinni. **Bubbi** fór hamförum þó hann væri í sjálfspikuðu


fjölmíðlabanni. Gaf út tvær plötur og heimtaði tuttugu milljónir fyrir að hafa fallið á reykingabindindinu. Logi og Svanhildur héldu brúðkaup ársins þar sem allar stjórnurnar mættu. **Forsetinn og Dorrit** voru fin í Kína og **Jón Ólafsson** var með rosalegt komback. Gaf út ævisögu sína og lét **Hannes Hólmstein** heldur betur finna fyrir því.

**Davíð Oddsson** hætti í póli-

tíkinni og **Halldór Ásgrímsson** tók við. Þeir félagar sendu okkur samt í stríðið í Írak og nokkrir hugsjónamenn eyddu tugum milljóna í afökunarbeiðni sem birtist í New York Times. Peningunum vel varið þar. **Siv Friðleifs-dóttir** hitti **Albert fursta af Mónakó** sem sumir sögðu eiga í ástarsambandi við **Póreyju Eddu** stangarstökkvara. Kosningabaráttu **Gísla Marteins** dugði hon-

um ekki þó glæsileg væri. Öllum selebnum Íslands var tjaldað gegn manningnum með hárkolluna sem þó rúllaði sjónvarpsmanninum upp. Stærsta frétt ársins og jafnvel til fleiri ára var sigur **Unnar Birnu Vilhjálmssdóttur** í Miss World. Stelpan gjörsamlega rúllaði sílíkonbombunum upp og er komin með einkalífsvörð næsta árið. Þetta og margt fleira gerðist á árinu 2005.





### KLARA ÓSK ELÍASDÓTTIR SÖNGKONA OG ÓMAR ÞÓR ÓMARSSON

Eina Nylonstelpa sem var á lausu nældi sér í kærasta á árinu. Hinn heppni er Ómar Þór Ómars-son, skólafélagi Klöru, en þau felldu hugi saman í útskriftarferð Verzlunarskólans í sumar. „Við höfum verið vinir lengi. Það er gott fyrir sambandið að vita hvað maður er að fara út í,“ sagði Klara í viðtali við Hér & nú og bætti við að Ómar væri fyndinn, skemmtilegur og kæmi henni til að hlæja. Klara og Ómar eru flott par.

Árið 2005 var gjöfult í ástalfínu. Hér & nú taldi þrjátíu og átta stjörnuþör sem byrjuðu saman á árinu. Sex þör voru eitthvað tvístígandi og byrjuðu saman og hættu svo saman á árinu. Þar ársins að mati Hér & nú er Hildur Vala Einarsdóttir og Jón Ólafsson. Þau eru stórglæsileg og það kom mörgum á óvart þegar þau byrjuðu saman, sérstaklega út af aldursmuninum. En þau eru flott og óskar Hér & nú þeim velfarnaðar í framtíðinni. En hér eru þör ársins 2005.

**hér&nú GERIR UPP ÁRÍÐ**

**38  
þör!**

**TÓNLIST**

# ÞAU BYRJUÐU SAMAN Á ÁRINU



### TÓNLIST

#### BUBBI MORTHENS TÓNLISTARMAÐUR OG KRISTÍN STEFÁNSDÓTTIR TANNLÆKNIR

Kóngurinn skildi seint á síðasta ári og var mikið í fjölmiðlum á árinu. Samband hans við tannlækninn Kristínu Stefánsdóttur vakti athygli en Bubbi fór í sjálfskipað fjölmiðlabann og vildi því lítið ræða sambandið. Þau sáust þó fyrst saman á tónleikum Bang Gang í Hafnarhúsinu.



**FRAMHALD Á NÆSTU OPNU**





**VIÐAR HÁKON GÍSLASON GÍTARLEIKARI TRABANTS OG KATRÍN ATLADÓTTIR BLOGGARI.**



**LIST**



**ARNAR GÍSLASON TROMMULEIKARI OG LÁRA RÚNARSÓTTIR TRÚBADOR.**




**EYÞÓR ARNALDS TÓNLISTARMAÐUR OG DAGMAR UNA ÓLAFSDÓTTIR.**



# STJÖRNUPÖR

## PÓRA TÓMASDÓTTIR SJÓNVARPSKONA OG SIGMAR GUÐMUNDSSON SJÓNVARPSMAÐUR

Kastljósparið Simmi og Þóra byrjuðu saman seint á þessu ári. Sigmar skildi á árinu og Þóra hætti með kærastanum, Þórnari Þórarinssyni, en þau eiga von á barni. Sambandið er viðkvæmt og þau hafa ekki viljað ræða við fjölmiðla, enda nýbyrjuð saman. Það er gaman að sjá ástfangið fólk á skjánum.



**HELGA LIND BJÖRGVINDÓTTIR FYRIRSÆTA OG GYLFI EINARSSON KNATT-SPYRNUMAÐUR.**

## ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR LEIKKONA OG ARI SIGVALDASON FRÉTTAMAÐUR

Árið var viðburðaríkt hjá þeim Ilmi og Ara sem byrjuðu saman á árinu. Nú eiga þau von á barni og búa saman á Þórgötunni. Ilmur fékk Edduverðlaunin fyrir skömmu og þar geislaði parið af ást. Vonandi halda þau áfram að vera jafn ástfangin og þau virðast vera.



**ELVA ÓSK ÓLAFS-DÓTTIR LEIKKONA OG GUNNLAUGUR BRIEM TROMMARI.**



**PÓRA SIGURÐAR-DÓTTIR Í STUNDINNI OKKAR OG VÖLLI SNÆR SJÓNVARPSKOKKUR.**



**GUÐMUNDUR STEINGRÍMS-SON OG ALEXÍA BJÖRG JÓHANNSDÓTTIR.**



**BRYNJAR MÁR ÚTVARPS-MAÐUR OG KRISTÍN ÝR BJARNADÓTTIR SÖNGKONA.**



**JÓNÍNA BENEDIKTSÓTTIR OG BENEDIKT Ó. SVEINSSON KVENSJÚKDÓMALÆKNIR.**



# STJÖRNUPÖR






## ÍPRÓTTIR

### EMBLA GRÉTARSDÓTTIR FÓTBOLTAKONA OG JÓN ARNÓR STEFÁNSSON KÖRFUKNATTLEIKSMAÐUR

Einn heitasti piparsveinn landsins byrjaði með flottustu fótbolta-konu landsins á árinu. Embla og Jón Arnór eru bæði gullfalleg og sannarlega flott par. Þau búa hvort í sínu landinu enda bæði afreksmenn í íþróttum.



## hér&nú GERIR UPP ÁRID




**BJARKI GUNNLAUGSSON  
KNATTSPYRNUMAÐUR OG  
RÓSA SIGNÝ GÍSLADÓTTIR  
BLAÐAKONA.**



**SIGMUNDUR KRISTJÁNSSON  
OG PÓRUNN ELÍSABET  
BOGADÓTTIR NEMI.**



**HREFNA JÓHANNESSDÓTTIR OG  
ADOLF SVEINSSON FÓTBOLTAPAR.**



## ÞAU BYRJUÐU SAMAN Á ÁRINU

### BJÖRN HLYNUR HARALDSSON LEIKARI OG RAKEL GARÐARSDÓTTIR FRAMKVÆMDASTJÓRI WOYZECK

Fréttir af sambandi og Björns Hlyns og Rakelar voru nokkuð merki-legar. Björn Hlynur skildi við konu sína og byrjaði með Rakel sem er systir Gísla Arnar besta vinar hans. Rakel er framkvæmdastjóri Woyzeck en Björn Hlynur hefur farið á kostum í þeirri sýningu. Þau hafa sést nokkrum sinnum saman úti á lífinu og eru glæsilegt par.







**ÞÓRUNN LÁRUSDÓTTIR LEIKKONA OG SNORRI PETERSEN.**



**JÓN ATLI JÓNASSON RITHÖFUNDUR OG LAUFEY ELÍASDÓTTIR LEIKKONA.**



## LEIKHÚS



**VALDIMAR ÖRN FLYGENRING LEIKARI OG SIGRÍÐUR VALA ÞÓRARINSDÓTTIR.**

FRAMHALD Á NÆSTU OPNU



## PAR ÁRSINS

### HILDUR VALA EINARSDÓTTIR SÖNGKONA OG JÓN ÓLAFSSON TÓNLISTARMAÐUR

Par ársins. Það kom eins og þruma úr heiðskýru lofti þegar upp komst um samband Jóns Ólafssonar og Hildar Völu Idolstjörnu í sumar. Jón tók þessu þó mjög létt og sagðist undrandi á því að enginn hefði fattað neitt fyrr. Turtildúfurnar túruðu svo landið með nýja plötu Hildar Völu sem Jón Ólafsson tók upp. Aldursmunurinn vakti einnig athygli en ekki er langt síðan Jón Ólafsson skildi við eiginkonu sína til margra ára. Jón blés svo á allar kjaftasögur um að þau hefðu verið byrjuð saman á meðan á Idolinu stóð í viðtali við Hér & nú. Þau eru flott par og eru virkilega sæt saman.



## IDOL



**LÍSEBET HAUKSDÓTTIR ÚR IDOLINU OG RÚNAR GUNNARSSON KVIKMYNDATÖKUMAÐUR.**



**DAVÍÐ SMÁRI HARÐARSON OG MARÍA SVEINSDÓTTIR BLAÐAKONA.**



**HELGI ÞÓR ARASON OG INGUNN ANNA RAGNARSDÓTTIR BESTA VINKONA HILDAR VÖLU.**






**BRYNJA GUNNARSDÓTTIR  
OG GUNNAR ÖRN ERLINGS-  
SON ÍPRÓTTAFULLTRÚI.**



# HEIT PÖR

# ÞAU BYRJUÐU SAMAN Á ÁRINU

**SVAVA JOHANSEN VERSLUNARKONA OG  
BJÖRN SVEINBJÖRNSSON FYRIRSEÐA**  
Sautján-drottningin skildi við Bolla á árinu og yngdi aðeins upp. Hún er nú byrjuð með Birni Sveinbjörnssyni sem er einn fallegasti karlmaður Íslands. Björn hefur getið sér gott orð sem karlfyrirsæta. Svava og Björn hafa sést víða og voru meðal annars á landsleik í knattspyrnu og í Laugum.



**JÚLÍUS KEMP  
KVIKMYNDAGERÐARMAÐUR  
OG HARPA PÉTURSDÓTTIR  
PISTLAHÖFUNDUR.**



**DAGNÝ JÓNSDÓTTIR ÞING-  
KONA OG ATLI INGIMARSSON  
JARÐVERKFRÆÐINGUR.**



**SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNS-  
SON ÞINGMAÐUR OG BIRNA  
BRAGADÓTTIR FLUGFREYJA.**



**GUÐJÓN MÁR PEDERSEN Í  
OZ OG HEIÐRÚN LIND  
MARTEINSDÓTTIR LAGANEMI.**

# HEIT PÖR



**SILJA MAGNÚSDÓTTIR OG  
SIGURÐUR PÁLMI PÁLMASSON  
LAGANEMI.**



**STEFÁN HILMARSSON FJÁR-  
MÁLSTJÓRI BAUGS OG  
FRÍÐRIKA GEIRSDÓTTIR  
BLAÐAKONA.**



**SVERRIR BERGMANN  
SÖNGVARI OG SIGRÚN BIRNA  
BLOMSTERBERG DANSARI.**



**ARNGRÍMUR JÓHANSSON  
STJÓRNARFORMAÐUR  
ATLANTA OG MARGRÉT  
BLÖNDAL ÚTVARPSKONA.**



# Nýtt



Loksins er komið hágæða baunakaffi frá GEVALIA fyrir allar gerðir baunavéla. Smakkaðu 100% Arabica baunakaffi um jólin.

# Baunir frá GEVALIA

*Það er kaffið*



#### ARDÍS ÓLÖF VÍKINGSDÓTTIR OG JÓNATAN GRÉTARSSON

Þetta fallega par kynntist í gegnum Idolið og gifti sig eftir eitt og hálf t. Athöfnin fór fram í Reykjavík þótt Ardís sé frá Blönduósi og héldu þau um hundrað manna veislu í kjölfarið. Söngkvartett sem Ardís er í tók nokkur lög en Ardís og Jónatan fóru í tveggja vikna brúðkaupsferð til Spánar.

## hér&nu GERIR UPP ÁRIÐ

Það var nokkuð um giftingar meðal fræga fólksins á árinu. Brúðkaup ársins var án efa þegar sjónvarpsstjórnurnar Logi Bergmann og Svanhildur giftu sig en mörg önnur skemmtileg brúðkaup fóru fram. Til dæmis voru Sigur Rósar-menn duglegir. Georg Holm bassaleikari giftist að heiðnum sið í Hljómskálagarðinum og Orri trommari gifti sig á Havaí. Gaman að því.

# ÞAU GIFTU SIG Á ÁRINU





**SIGMAR VILHJÁLMSOON OG BRYNDÍS BJÖRG EINARSDÓTTIR**  
Simmi í Idölinu giftist unnustu sinni til sex ára í júní í sumar. Brúðkaupið var haldið þremur árum eftir að þau trúlofuðu sig upp á dag. Um 200 gestir voru í veislunni og sonur þeirra var hringaberi í kirkjunni. Brúðkaupið var klassískt og sáu atvinnumenn um tónlistina í kirkjunni.

**SVANHILDUR HÓLM VALSDÓTTIR OG LOGI BERGMANN EIDSSON**  
Það var mikjð um dýrðir þegar þau létu gefa sig saman í Dómkirkjunni þann 16. júní í sumar. Allar helstu sjónvarpsstjórnur landsins voru saman komnar til að heiðra vini sína og kollega. Athöfnin þótti sérlega falleg og stemningin í veislunni var gríðarleg þar sem þau Inga Lind Karlsdóttir og Gísli Marteinn Baldursson sáu um veislustjórnina. Talið er að á bilinu 300-500 manns hafi verið í veislunni og lék hljómsveitin Buff fram eftir nóttu. Logi og Svanhildur voru stórglæsileg á brúðkaupsdaginn.

## ÞAU GIFTU SIG LÍKA Á ÁRINU



**Gunnar Örylgsson**  
þingmaður giftist Guðrúnu Hildi Jóhannsdóttur.



**Einar Bárðarson**  
giftist henni Áslaugu Thelmu.



**Katla María Hausmann** giftist Christian Bazzolo.



**Andrés Magnússon** giftist Auðnu Hödd Jónatansdóttur.



**Jóhanna Vigdís Arnardóttir** giftist Þorsteini H. Guðbjörnssyni



**Halla Margrét Arnardóttir** giftist hinum ítalska Paulo.




**Björn Ingi Hilmarsson** giftist Hlín Helgu Guðlaugsdóttur



**Anna Rósa Sigurðardóttir** leikkona giftist Shanga Parker.



**Bryndís Ásmundsdóttir** leikkona giftist Atla Þór Albertssyni.



**Orri Dýrason** trommari Sigur Rósar giftist Lukku Sigurðardóttur.



**Georg Holm** bassaleikari Sigur Rósar giftist Svanhvíti Tryggvadóttur.

Það voru nokkur pör sem hættu saman á árinu 2005 en það kom mörgum á óvart er þau Svava Johansen og Bolli Kristinsson í Sautján ákváðu að slíta samvistum. Hér & nú tók saman yfirlit yfir þau pör sem skildu á árinu.

16 skilnaðir!

*hér&nú* GERIR UPP ÁRIÐ

# ÞAU HÆTTU SAMAN

## SKILDU EFTIR PRIGGJA ÁRA HJÓNABAND

Skilnaður Önnu Lilju Johansen og Þorsteins M. Jónssonar í Kók kom mörgum í opna skjöldu. Þau giftu sig fyrir þremur árum við glæsilega athöfn í Hallgrímskirkju og bjuggu í glæsilegu húsi á Laufásveginum. Saman eiga þau eina dóttur.





**SKILNAÐUR SKEKUR TÍSKUVELDI!**

Svava Johansen og Bolli Kristinsson í Sautján kynntust fyrir 24 árum þegar Bolli réð Svövu í vinnu í Sautján. Þrettán ára aldursmunur stoppaði ekki þetta kraftmikla par sem rak saman 16 verslanir. Skilnaður þeirra kom mörgum á óvart enda gullfallegt par en stuttu seinna keypti Svava hlut Bolla í tiskuveldinu NTC og rekur það af miklum krafti. Saman eiga þau einn son.



**PÓRA TÓMASDÓTTIR SJÓNVARPSKONA OG PÓRARINN PÓRARINSSON BLAÐAMAÐUR**

Hættu saman fyrir nokkrum mánuðum eftir margra ára samband en Þóra er komin rúmlega fimm mánuði á leið og hefur fundið ástina hjá Sigvari samstarfsfélaga sínum.

**Á ÁRINU**



**FLÓKIN SAMBÖND**

Sigurður Kári Kristjánsson og Friðrika Geirsdóttir hættu saman í sumar eftir tveggja ára samband. Friðrika vinnur sem blaðakona á tímaritinu Gestgjafanum en Sigurður Kári er alþingismaður.



**SIGMAR GUÐMUNDSSON Í KASTLJÓSINU OG BIRNA BRAGADÓTTIR FLUGFREYJA**

Hættu saman fyrir á árinu eftir sjö ára samband og eiga saman eina dóttur. Sigmar er nú byrjaður með samstarfskonu sinni í Kastljósinu Þóra Tómasdóttur og Birna nældi sér í Sigurð Kára Kristjánsson.

**FRAMHALD Á NÆSTU OPNU**





Pétur Óskar Sigurðsson fótbolta-  
maður og Unnur Birna Vilhjálm-  
sóttir, fegursta kona heims.



Ruth Reginalds  
söngkona og Fannar  
Gauti Dagbjartsson.



Sigvaldi Kaldalóns (Svali)  
og Jóhanna Katrín.

# HÆTTU SAMAN Á ÁRINU



Asgeir Kolbeinsson  
dagskrágerðar-  
maður og Ragn-  
heiður Guðfinna  
Guðnadóttir þáttar-  
stýra í Íslandi í bítíð.



G. Pétur Matthíasson frétt-  
maður og Elísabet Arnar-  
dóttir talmeinafræðingur.



Þórir Snær Sigurjónsson  
kvikmyndagerðarmaður  
og Line Lind.



Anna Rákel Róbertsdóttir  
fyrirsæta og Vignir Svav-  
arsson handboltamaður.



# ÞAU HÆTTU SAMAN Á ÁRINU



Eva Sólan Þula og  
Viðar Ævarsson smiður.



Björn Hlynur Haraldsson leikari  
og Árný Hlín Hilmarsdóttir.



Freyr Eyjólfsson útvarps-  
maður og Hólmfríður  
Anna Baldursdóttir  
starfsmaður Unicef.



Hrónnar  
Pétursson  
og Andrea  
Brabin.



# Sófaveisla!!!

nú geta allir eignast fallegan sófa

frábær

jólatilboð

-55%



verð áður 196.000,-

Jólatilboð kr. 99.000,-

Colour stóllin



Jólagjöfin í ár

aðeins kr. 7.900,-

-35%



allir sófar

á ótrúlegu

JÓLA-verði

verð áður 125.000,-

Jólatilboð kr. 79.000,-

-38%



verð áður 240.000,-

Jólatilboð kr. 149.000,-

sofi.is

Borgartúni 28

sími 561 8833

ath. takmarkað magn  
tilboðin gilda til 31.12.05

ótrúleg jólatilboð

**hér&nú** GERIR UPP ÁRÍÐ



## SKVÍSURNAR EIGNAST BÖRN

### Birta Björnsdóttir og Jón Páll Halldórsson

Eignuðust fallegan dreng sem fékk það fallega nafn Stormur. Hann er fæddur 2. apríl.



### Marín Manda Magnúsdóttir og Danny Tangaard Nielsen

Eignuðust litla stúlku 25. ágúst síðastliðinn.

# ALLIR AÐ FJÖLGA



### Ásdís Rán Gunnarsdóttir og Garðar Gunnlaugsson

Fögnuðu fæðingu fyrsta sonar þeirra saman. Hann fékk nafnið Hektor Bergmann Garðarsson og fæddist 29. júlí á þessu ári.



### Manúela Ósk Harðardóttir og Árni Snær Kristjánsson

Eignuðust soninn Jóhann Grétar 15. janúar.





**Hrafnhildur Hafsteinsdóttir**  
Eignaðist gullfallega dóttur  
2. febrúar á þessu ári og heitir  
hún Ísabella Ósk Jónsdóttir.

**SÉR**



**BARN ÁRSINS!**

**Linda Pétursdóttir  
og Ísabella**

Aldrei áður hefur forvitni fólks verið jafnmikil og við fæðingu fyrsta barns Lindu Pé. Stúlk-  
an fæddist 27. ágúst síðastliðinn og fékk  
nafnið Ísabella Lindudóttir. Faðir barnsins er  
kanadískur læknir af egypskum uppruna.  
Linda kom fram í sviðsljósið á forsiðu  
Mannlífs og fengu Íslendingar að berja  
litlu stúlkuna augum.

**FRAMHALD Á NÆSTU OPNU**



**hér&nú** GERIR UPP ÁRIÐ

**Pórey Vilhjálmisdóttir og Ríkharður Daðason**

Eignuðu fæðingu dóttur 24. ágúst sem hlaut nafnið Ragnheiður.



**Linda Ásgeirsdóttir og Sigurður Gunnars Gissurarson**

Eignuðust drenginn Karl Kristján 18. maí.



## FALLEGAR FJÖLSKYLDUR

**Fjölur Þorgeirsson og Mailinn Solér**

Eignuðust dreng 19. nóvember síðastliðinn. Strákurinn hefur fengið eftirnafn Mailinn.



**Eva María Jónsdóttir og Óskar Jónsson**



**Pórunn Clausen og Sigurjón Brink**

Haukur Örn Brink kom í heiminn 6. maí á þessu ári.



**Hallgrímur Helgason og Oddný Sturludóttir**





**Björgólfur Thor Björgólfsson  
og Kristín Ólafsdóttir**

Eignuðust Daníel Darra þann  
20. mars síðastliðinn.



Eignuðust stelpu sem fæddist  
heima 4. október.



Margrét María  
Hallgrímsdóttir kom í  
heiminn 10. maí.



**Ágúst Ólafur Ágústsson  
og Þorbjörg Sigríður  
Gunnlaugsdóttir**

Eignuðust litla stúlku 20. mars sem hlaut  
nafnið Krístrún.



**PÓLÍTÍKUSARNIR FJÖLGA SÉR**



**POPPARABÖRNIN**

**Jón Jósef Snæbjörnsson  
og Rósa Björgvinsdóttir**

Fögnuðu fæðingu 18 marka drengs  
10. október síðastliðinn.



**Magni Ásgeirsson  
og Eyrún Huld Haraldsdóttir**

Eignuðust lítinn dreng 19. september.



**Dagur B. Eggerðsson  
og Arna Dögg  
Einarsdóttir**

Eignuðust lítinn dreng 26. september  
sem heitir Steinar Gauti.



**Hreimur Örn Heimisson  
og Þorbjörg Sif Þorsteinsdóttir**

Eignuðust litla stúlku 17. september síðastliðinn.



**Karl Bjarni Guðmundsson  
og Aðalheiður Hulda Jónsdóttir**

Eignuðust dreng 27. september síðastliðinn.

## SKILNAÐUR ÁRSINS 2005



1

Svava Johansen og Bolli í Sautján, 821 atkvæði.



2

Unnur Birna og Pétur Óskar Sigurðsson, 495 atkvæði.



3

Anna Lilja Johansen og Porsteinn í Kók, 454 atkvæði.



4

Ruth Reginalds og Fannar Gauti Dagbjartsson, 112 atkvæði.



5

Friðrika Hjördís Geirsdóttir og Sigurður Kári Kristjánsson, 46 atkvæði.

Skilnaður ársins að mati þeirra sem tóku þátt í könnuninni var skilnaður Svövu Johansen og Bolla í Sautján. Hlutu þau 326 atkvæðum meira en Unnur Birna og Pétur Óskar sem lentu í öðru sæti. Skilnaður Friðriku og Sigurðar Kára hlaut aðeins 46 atkvæði.

## PAR ÁRSINS 2005

Hildur Vala Einarsdóttir og Jón Ólafsson, 1161 atkvæði.

Hér & nú stóð fyrir netkosningu á [visir.is](http://visir.is) fyrir árið 2005. Þátttakendur völdu skilnað, par, barn, Islandsvin og persónu ársins 2005.

### ÚRSLIT NETKOSNINGA HÉR & NÚ FYRIR ÁRIÐ 2005


# HILDUR VALA OG JÓN ERU PAR ÁRSINS

## BARN ÁRSINS 2005




1

Ísabella (Linda Pé), 622 atkvæði.



2

Daníel Darri (Björgólfur Thor), 467 atkvæði.



3

Ísak Dýri Arnarson (Mugison), 442 atkvæði.



4

Hektor Bergmann (Ásdís Rán and Garðar Gunnlaugs), 160 atkvæði.



5

Óskirður sonur Fjölnis Þorgeirssonar, 131 atkvæði.

Það var beðið með eftirvæntingu eftir barni Lindu Pétursdóttur á árinu. Loksins fæddist litla prinsessan, Ísabella, gullfalleg eins og móðir hennar. Ísabella er barn ársins með 622 atkvæði en á eftir henni kemur erfingi Íslands, Daníel Darri, með 467 atkvæði. Óskirður sonur Fjölnis Þorgeirssonar fékk 131 atkvæði.



## PERSÓNA ÁRSINS 2005

1

Unnur Birna Vilhjálmsdóttir, 971 atkvæði.

2

Jónína Benediktsdóttir, 282 atkvæði.

3

Egill Gillzenegger, 225 atkvæði.

4

Eiður Smári Guðjohnsen, 202 atkvæði.

5

Dorrit Moussaieff, 189 atkvæði.

Það kemur kannski fáum á óvart að Hildur Vala Einarsdóttir og Jón Ólafsson eru par ársins. Hlutu þau 1161 atkvæði sem er 595 atkvæðum meira en öll hin pörin fengu samanlagt. Svava Johansen og Björn Sveinbjörnsson fengu 234 atkvæði í öðru sæti og Helga Lind og Gylfi Einarsson fengu 99 atkvæði í neðsta sæti. Hér & nú óskar þeim Jóni og Hildi Völu til hamingju með þetta.

## PAR ÁRSINS 2005

2

Svava Johansen og Björn Sveinbjörnsson, 234 atkvæði.

3

Ilmur Kristjánsdóttir og Ari Sigvaldason, 223 atkvæði.

4

Póra Tómasdóttir og Sigmar Guðmundsson, 110 atkvæði.

5

Helga Lind Björgvinsdóttir og Gylfi Einarsson, 99 atkvæði.

## ÍSLANDSVINUR ÁRSINS 2005

1

Quentin Tarantino, 764 atkvæði.

2

Clint Eastwood, 464 atkvæði.

3

Rob Schneider, 178 atkvæði.

4

Dave Grohl, 165 atkvæði.

5

Cameron Diaz, 126 atkvæði.

Drykkjfelldi leikstjórinn rúllaði Íslandsvini ársins upp. Kappinn sló í gegn í heimsókn sinni og var funheitur. Hlaut hann 764 atkvæði sem er 300 fleiri en Clint Eastwood fékk í annað sætið. Tarantino er væntanlegur hingað til lands um áramótin og verður með partí á Rex. Ryan Phillippe fékk 81 atkvæði í neðsta sæti.

Ótvíræður sigurvegari í Persónu ársins er fegursta kona heims. Hlaut stelpan 971 atkvæði en Jónína Benediktsdóttir var í öðru sæti með 282 atkvæði. Á botninum var Linda Pétursdóttir með 35 atkvæði þótt hún eigi barn ársins.

Brúðkaupin voru mö

## hér&nú GERIR UPP ÁRIÐ

### MATT DAMON OG LUCIANA BOZAN

Leikarinn stórmyndarlegi Matt Damon og kærasta hans til tveggja ára Luciana Bozan giftu sig fyrir viku síðan við privat-athöfn í Manhattan þar sem dóttir hennar Alexia, sjö ára, var viðstödd. Luciana og Matt tóku sér ekkert frí heldur hélt Matt strax aftur til vinnu. Það kynntist í Miami er Matt var að leika í kvikmyndinni Stuck on You en Luciana var gengilbeina. Fyrirverandi kærustur hans eru meðal annars Winona Ryder og Minnie Driver.

## VINIRNIR GIFTA SIG

### BEN AFFLECK OG JENNIFER GARNER

Svo virðist sem Ben hafi loksins fundið stóru ástina í lífi sínu eftir stormasöm sambönd við Gwyneth Paltrow og Jennifer Lopez. Jen og Ben kynntust við gerð myndarinnar Daredevil en þá var Ben ennþá með Jennifer Lopez. Ekki leið á löngu þar til þau felldu saman hugi og giftu sig í sumar á Caicos-eyjum í eins litlu brúðkaupi og mögulegt er. Jen var í hvítum kjól og ófórðuð og hann í hvítum stutt-ermabol. Þau gáfu út fréttatilkynningu um að þau væru gift og ættu von á barni og fögnuðu fæðingu dóttur sinnar Violet fyrir ekki svo löngu.

### DONALD TRUMP OG MELANIA KNAUSS

Giftu sig með pomp og prakt í Palm Beach, Flórída, í janúar. Þau vildu lítið brúðkaup með 350 gestum en meðal þeirra voru Hillary Clinton, Saquille O'Neal, Billy Joel, Tony Bennet, Rudy Giuliani, Don King, Oprah Winfrey. Öllum sem eru eitthvað í Hollywood og New York var boðið í brúðkaup ársins. Melania var einkar glæsileg í hvítum Christian Dior-kjól sem kostaði hvorki meira né minna en 200 þúsund dollara, eða um 12 milljónir íslenskra króna og vó 25 kíló. Melania skipti síðan um kjól þegar kom að brúðarvalsinum og var í einföldum Vera Wang-kjól. Trump og konan hans keyptu upp öll hvítu blómín í New York og létu senda þau til Flórída. Veislan var haldin í nýbyggðri höll og skemmtu allir sér fram eftir öllu með Billy Joel og Tony Bennet. Ekki amalegt brúðkaup það.

12 milljón króna kjóll!

## BRÚÐKAUP ÁRSINS

# DONALD TRUMPAÐI ÖLL

### CHRISTINA AGUILERA OG JORDAN BRATMAN

Villa söngkonan Christina Aguilera gekk að eiga Jordan Bratman núna í desember í glæsilegri athöfn í Napa-dalnum í Kaliforníu. Þau hafa verið saman í meira en tvö ár og hefur Jordan haft virkilega góð áhrif á gelluna. Veislan stóð yfir í meira en þrjú daga og meðal gesta var Sharon Stone. Christina var í Christian Lacroix-kjól með hvítar rósir í hárinu.





**DEMI MOORE OG ASHTON KUTCHER**

Fallegasta konan í Hollywood gekk að eiga sprelligosann Ashton Kutcher í september. Þau buðu 100 manns, nánustu vinum og ættingjum, á heimili sitt í Los Angeles, þar á meðal Bruce Willis og dætrum þeirra Demi. Þau hittust árið 2003 í New York og var heimurinn í sjokki yfir aldursmuninum á þeim en Demi Moore er 42 ára og Ashton 27 ára. Dætur Demi kalla Ashton hinn pabba sinn og Bruce og hann eru góðir vinir.



**PAR ÁRSINS**

**ÞAU GIFTU SIG LÍKA Á ÁRINU**

Sandra Bullock og Jesse James Robert Downey og Jr. og Susan Levin Marilyn Manson og Dita Von Tess Karl Bretaprins og Camilla-Parker Bowles Jack White og Karen Elson Garth Brooks og Trisha Yearwood Rod Stewart og Penny Lancaster



**BRÚÐKAUPIN**

**HEIDI KLUM OG SEAL**

Kynntust í febrúar 2004 og trúlofuðu sig um jólin á síðasta ári. Þau létu síðan þússa sig saman í sumar í Mexíkó að viðstöddum 40 gestum. Heidi var ólétt í hvítum Vera Wang-kjól og Seal í svörtum kjólfötum. Heidi á dóttur, Lenu, með Ítalanum Flavio Briatore sem Seal hefur gengið í föðurstað. Trúlofun þeirra var rosaleg. Þau voru á skíðum í Vestur-Kanada og fór Seal á skeljarnar í 14 þúsund fetum inni í snjóhúsi sem hann hafði látið byggja fyrir Heidi.



**TOM CRUISE OG KATIE HOLMES**

Fréttin um samband þeirra kom eins og þruma úr heiðskýru lofti er þau mættu saman á kvikmyndahátíð í Róm á Ítalíu. Slúðurblöðin birtu strax greinar um að sambandið væri almannatengslabragð til að hylma yfir þá staðreynd að Tom Cruise væri hommi. En sagan segir að Tom Cruise hafi verið að dúlla sér með Rob Thomas, söngvara hljómsveitarinnar Matchbox 20. Þess vegna hafi Katie verið ráðin til fimm ára og fengið átta milljónir fyrir að leika hlutverk kærustunnar. Það fylgdi sögunni að þetta væri

það besta sem hún gæti gert fyrir framann því hún væri í það mesta sæmilleg b-myndaleikkona. Það hefur ekki farið framhjá neinum að Katie og Tom eru saman en Tom Cruise tók ágætisflipp í sófanum hjá Oprah í sumar og héldu margir að Tom væri gjör-samlega að missa vitið. Katie lætur þetta ekkert á sig fá og segist elska sinn mann. Þau trúlofuðu sig 16. júní í Eifelturinum í París og eiga von á barni eftir nokkra mánuði. Tom Cruise var áður giftur leikkonunni Nicole Kidman og Katie var trúlofuð American Pie-leikaranum Chris Kline.





## PAU HÆTTU SAMAN Á ÁRINU

Christina Applegate og Johnathon Schaech  
Mischa Barton og Brandon Davis  
Eddie Murphy og Nicole Murphy  
Paris Hilton og Paris Latsis  
Jamie-Lynn DiScala og A.J. DiScala  
Tori Spelling og Charlie Shalian  
Keira Knightley og Jamie Dornan  
Shannon Elizabeth og Joseph Reitman  
Matthew Perry og Rachel Dunn  
Mena Suvari og Robert Brinkman  
Alexander Payne og Sandra Oh  
Christian Slater og Ryan Haddon  
Nicole Richie og Adam Goldstein  
Nicolette Sheridan og Nicklas Soderblom

## STÓR FJÖLSKYLDA

Brad var ekki lengi að hlaupa í faðm Angelinu Jolie. Brad hefur sótt um að fá að ættleiða börnin hennar tvö og eru þau mjög hamingjusöm. Þarið ætlar að gifta sig innan skamms ef marka má erlendu slúðurpressuna.



## BRAD PITT OG JENNIFER ANISTON

Fallegustu hjónin í Hollywood. Kynntust í Texas er Jennifer var að leika í myndinni Office Space. Fjölmíðarnir flippuðu yfir þessu ofurpari enda Brad kynþokkafyllsti maður í heimi að mati margra og Jennifer í vinsælustu sjónvarpsþáttaröð í heimi. Þau áttu heiminn. En á síðasta ári fóru sögurnar að fljúga fjöllumum hærra um að Brad Pitt, sem var þá að leika í Mr. and Mrs. Smith, ætti í ástarsambandi við Angelinu Jolie og að allt væri í loft upp í hjónabandi Brads og Jennifer. Þarið harðneitaði að vandamáli væru í sambandinu en í byrjun þessa árs kom sjokkið. Brad og Jennifer skilin. Heimurinn trúði þessu ekki. Ef Brad og Jennifer meikðu það ekki. Hver þá?

## Skilnaðaaalda í Hollywood

# HARMLEIKIR Í HOLLYW

## JESSICA SIMPSON OG NICK LACHEY

Þau voru gift í þrjú ár en höfðu þekkt mikið lengur. Nick var í raun miklu frægari en Jessica þegar þau byrjuðu saman, en hann var í strákahljómsveitinni 98°. Svo kom MTV til þeirra og vildi gera raunveruleikabátt um þau. The Newlyweds var aðalþátturinn í sjónvarpinu og fólk gat hlegið að þeim hjónakornum því þau voru alveg eins og við hin. En svo gerðist það ótrúlega að Jessica varð algjör stjarna á meðan Nick var heima að taka til og sólóferill hans gekk ekki upp. Margir héldu að Nick myndi gefast upp á Jessicu og frægð hennar en svo var ekki. Jessica vildi skilnað og fékk hann í lok nóvember á þessu ári. Það verður gaman að sjá hvort þau byrji aftur saman eða finni ástina á nýjan leik með öðrum mökum. En sést hefur til Jessicu að leita sér að íbúð í New York.



## LEONARDO DICAPRIO OG GISELLE BÜNDCHEN

Sætasti strákurinn í Hollywood og ofurfyrirsetan Gisele felldu hugi saman fyrir nokkrum árum en hafa þó verið að hætta og byrja saman í dágóðan tíma. Síðastliðið ár hefur þó verið orðrómur á kreiki um að brúðkaup væri í spilunum hjá þessu fallega pari. En Leo og Gisele ákváðu að slíta samvistum fyrir stuttu og nú fyrir fullt og allt.



# SKILDU OG BYRJUBU AFTUR SAMAN

## SIENNA MILLER OG JUDE LAW

Ástarsaga þeirra Jude Law og Siennu Miller er mesta dramað frá því Elizabeth Taylor byrjaði með Richard Burton. Sienna og Jude kynntust við gerð myndarinnar Alfie og upp úr því kviknaði eldheitt ástarsamband. Jude var giftur leikkonunni Sadie Frost en skildi við hana til þess að vera með Siennu. Sagt er: Eitt sinn óheildarlegur, alltaf óheildarlegur. Í sumar fór allt til fjadans hjá þeim. Jude hélt framhjá Siennu með barnfóstrunni sinni og koma síðan fram í fjölmiðlum og viðurkenndi ódæðið. Sienna trylltist og henti trúlofunarhringnum. En síðustu vikur hafa þau sést saman og tók Sienna Jude með sér til Bandaríkjanna til að hafa hann nálægt sér. Það verður forvitnilegt að sjá hvort þau eiga eftir að ná fullum sáttum eða skilji eina ferðina enn.

## DENISE RICHARDS OG CHARLIE SHEEN

Denise og Charlie skildu í mars á þessu ári þegar Denise var komin sex mánuði á leið með annað barn þeirra hjóna. Það var Denise sem sótti um skilnað og fylgdi honum mikil dramatik. Denise lét skipta um lása á húsi þeirra og skipaði Charlie að halda sig fjarri. Sagt er að Charlie hafi verið að skemmta sér á strippbúllum og hafi sleppt sér aðeins of mikið. Nýlega sáu þau á rölti saman með börnin sín tvö og eru þau að reyna að byrja upp á nýtt. Gott hjá þeim.

GIFTU SIG OG  
SKILDU Á ÁRINU

## LÍKA HAMINGJUSÖM

Jennifer Aniston tók sér tíma eftir skilnaðinn. Henni hefur aldrei gengið jafn vel í kvikmyndabransanum. Í sumar lék hún í myndinni Breakup ásamt grínaranum Vince Vaughn. Þau felldu saman hugi á meðan á tókum stóð en fara hægt í sakirnar og hafa ekki opinberað samband sitt.

## NÝI MAÐURINN

Kelly Slater er nýi maðurinn í lífi Giselle. Hann er atvinnubrimbretta-kappi og deitaði Pamelu Anderson um skeið. Fólk segir hann og Giselle passa mjög vel saman þar sem þau elska bæði hafið.

## RENÉE ZELLWEGER OG KENNY CHESNEY

Renée og kántrísöngvarinn Kenny Chesney kynntust í símasöfnun fyrir fórnarlömb fjóðbylgjunnar í Indónesíu. Eftir eldheitt ástarsamband í nokkrar vikur voru þau gift. Þau létu þússa sig saman á Jómfrúareyjum í Karíbahafinu. Hjónaband þeirra kom öllum á óvart, jafnvel slúðurblöðunum sem héldu að Renée vær að deita írka tónlistarmanninn Damian Rice. Hjónabandið entist þó aðeins í fjóra mánuði og fór Renée fram á ógildingun hjónabandsins. Kenny samdi lag fyrir Renée.

## CHAD MICHAEL MURRAY OG SOPHIA BUSH

Þau eru ung og sæt og kynntust í hinum sívinsælu þáttum One Tree Hill. Chad og Sophia giftu sig 16. apríl síðastliðinn í Santa Monica að viðstöddum 200 gestum. Þau skildu í september eftir aðeins fimm mánaða hjónaband. Ekki er víst hvort þau muni halda áfram að vinna saman en aðdáendur þáttanna vona það besta.

purelogical®

TM

# Collagen til inntöku

Uppbygging innan frá, einstakur  
árangur fyrir húð og líkama.

Sléttari, stinnari og unglegri húð  
á andliti og öllum líkamanum

Gott fyrir liðina, aukinn liðugleiki  
og betri líðan.

Árangur sést og finnst  
eftir þrjár vikur



Nýjar umbúðir

Ánægðir notendur Purelogical  
**Madonna**  
**Christina Davids**  
Sex and the City



## Fæst í apótekum, fríhöfninni og Hygea.

Collagen er öflugasta byggingarprótein líkamans, 75% af húðinni er collagen en framleiðsla líkamans minnkar með aldrinum. Afleiðingar af collagenskortri er m.a slakari húð, hrukur og stíðleiki í liðamótum og baki. Rannsóknir sýna að PureLogical hágæða collagen stuðlar að endurnýjun og uppbyggingu líkamans, á brjóski, sinum, liðum og stoðvefjum húðarinnar. Inntaka stuðlar einnig að betri svefni. Gefur fljótt betri líðan í liðamótum, líkaminn og húðin verður fjaðurmagnaðri aukin mykt, unglegri og stinnari. Framleitt eftir: Edible Food Regulation nr. 1999/724 EC. GMP staðall.



Hér & nú hringdi í nokkra einstaklinga og spurði hvaða frétt af fína og fræga fólkinu stæði upp úr nú þegar árið er að líða.

## TÁRAÐIST YFIR TITLI EIDS SMÁRA

„Þegar Eiður Smári Guðjohnsen varð Englandsmeistari. Það var alveg æðislegt og ég táraðist. Bara það að sjá Íslending klára svona pakka, það var ótrúlegt. Og svo er Unnur Birna fegurst í heimi, við erum náttúrulega flottust. Þælið í því ef við værum fleiri en 300 þúsund. Ég var staddur í London þegar ég frétti þetta með Unni Birnu en ef ég hefði orðið vitni að öllu þessu fjölmiðladæmi hérna heima, þá hefði ég tarást.“

Eggert Skúlason, fjölmiðlafulltrúi Eids Smára.



## OLIVER OPNAÐUR

„Opnun Oliver er frétt ársins að mínu mati. Það eru að koma átta þúsund manns hingað til okkar á djammíð í hverri einustu viku. Þetta er það merkilegasta í íslensku skemmtanálífi þetta árið. Það er enginn annar staður sem er með þennan mannfjölda á viku og við erum ekki að missa neinn damp. Núna í desember erum við með 39 eventa, hljómsveitir. Ef þú finnur einhvern annan stað á Íslandi sem er með í kringum 40 eventa á einum mánuði, þá skal ég bakka út úr þessu.“

Arnar Þór Viðarsson, veitingamaður á Oliver.

# HVER FANNST ÞÉR VERA FRÉTT ÁRSINS?



## BUBBAMÁLIÐ ER MINNISSTÆÐAST

„Bubbamálið fer mjög hátt hjá mér. Það er langminnisstæðast þegar maður horfir til baka, hvernig sem menn vilja túlka það. En svona skúbb ársins, þá held ég að Hildur Vala og Jón Ólafsson skori nokkuð hátt þar, það var flott mál.“

Reynir Traustason, ritstjóri Mannlífs.



## TITTLINGURINN Á MÉR STENDUR UPP ÚR

„Tittlingurinn á mér er það sem stendur upp úr á árinu. Nei, ég er að grínast. Svona í fréttum, þá er það brottþvarf Davíðs úr pólitíkinni og hryðjuverkin í London. Ég er svo mikill hugsuður að mér er alveg sama þó Linda Pé hafi eignast barn eða Bubbi hafi fallið.“

Geir Ólafsson  
tónlistarmaður.

# Hollywood-stjarnan Berglind Ólafsdóttir á Íslandi um jólin

## LJÓSHÆRÐ Á LAUSU



**Á framabraut**  
Berglind er í leiklistarskóla einu sinni í viku í Hollywood.

**Kynþokkafull**  
Berglind var á lista yfir 200 kynþokkafyllstu konur heims að mati FHM-tímaritsins.

**Dökkhærð** Svona leit Berglind út þegar hún var hér á landi í sumar.

**Borðar hrygg**  
„Maður fær ekki hamborgarahrygg í Ameríku og þá hef ég bara fengið hann sendan frá Íslandi.“



**Aftur ljóshærð**  
Berglind ætlar að vera á Íslandi yfir jólin og er aftur orðin ljóshærð.

Það er alltaf gott að koma heim, maður þarf á því að halda annað slagíð að koma heim til mömmu og pabba,“ segir Berglind Ólafsdóttir sem er nýkomin heim frá Hollywood þar sem hún býr. Berglind, sem oft er kölluð Icy, ætlar að vera hér á landi til 6. janúar. „Ég ætla nú bara að slaka á með þeim sem ég elska mest. Á jölunum borðum við að sjálf-sögðu hamborgarahrygg eins og venjulega,“ segir Berglind sem hefur búið í Bandaríkjunum í nokkur ár. „Maður fær ekki hamborgarahrygg í Ameríku og þá hef ég bara fengið hann sendan frá Íslandi.“

Berglind hefur getið sér gott orð í Hollywood og meðal annars leikið í kvikmyndum. Hún var á lista yfir 200 kynþokkafyllstu konur að mati FHM sem er stórt og virt tímarit. „Ég er nú bara

nýkomin og hef því ekkert ákveðið hvað ég ætla að gera um áramótin. Ætli ég verði ekki bara með öllum vinum mínum.“

### Á lausu

Berglind vill lítið gefa upp um hvað hún er að bralla þessa dagana en segist vera að vinna að stóru verkefni. „Svo er ég líka í leiklistarskóla einu sinni í viku.“ Í sumar var Berglind stödd hér á landi og birtust myndir af henni í Hér & nú. Þá var hún í sundi og með dökkt hár sem er ólíkt því sem flestir þekkja hana. Núna segist hún hins vegar vera komin aftur með ljósa hárið og breytt lúkk. Hún er ófáanleg í nýja myndatöku en segist hafa komið heim með heila ferðatösku af jólagjöfum. Það verður því líklega spennandi að fá pakka frá hinni fjallmyndarlegu Berglindi „Icy“ Ólafsdóttur.



**Slakar á Berglind segir nauðsynlegt að koma heim af og til og slaka á.**



**Ekkert ákveðið Berglind hefur ekki ákveðið hvað hún ætlar að gera um áramótin.**



”

***Svo er ég líka í leiklistarskóla einu sinni í viku."***

Útgáfufélag 365 – prentmiðlar.

Útgefandi Mikael Torfason ábm. Ritstjórn Breki Logason, breki@hognu.is, Hanna Einisdóttir, hanna@hognu.is, Jón Myrdal, myrdal@hognu.is, Sunna Finnbogadóttir, sunna@hognu.is. Hér & nú Skaftahlíð 24, 105 Pvík, sími: 550 5000. Fax Auglýsingar: 515 7599 – Ritstjórn: 550 5075. Netfang Ritstjórn: ritstjorn@hognu.is – Auglýsingar: auglysingar@hognu.is. Setning og umbrot 365 – prentmiðlar. Prentvinnsla Ísafoldarprentsmiða. Dreifing Pósthúsið ehf., dreifing@posthusid.is. Hér & nú áskilur sér rétt til að birta aðsendar myndir í tímaritinu á stafrænu formi og í gagnabókum án endurgjalds.

## Ekki drepast fyrir Skaup

Ég kom inn í súpermarkað á Kúbu í síðasta mánuði, þar voru hillurnar nánast tómar. Úrvalið var ekki mikið og ég endaði á því að kaupa habanero-piparsósu til þess að setja ofan á kexið mitt. Þannig er þetta ekki þegar maður kemur inn í verslun á Íslandi. Kókstaflar í sama þyngdarflokki og Mark Eaton umvafnir mandarínunum og laufabrauði. En þetta hefur ekki alltaf verið svona. Pláhnentan var til dæmis það eina sem dansaði í byrjun tíunda áratugarins og Mávahlátur þótti bara mjög fín kvikmynd. Árið 2005 var hins vegar langt frá því að vera einhver súpermarkaður á Kúbu. Trabant, Hjúlmur og Mugison eru hljómsveitir á heimsmælikvarða. Fegursta kona í heimi býr í Árbænum og heimsmeistarinn í réttstöðulyftu heitir Benni Magg. Ég sá meira að segja viðtal við einhvern gaur sem selur millistéttafólki í Bandaríkjunum suðusúkkulaði. Hann hélt því fram að Halle Berry færi á floti yfir skyrdollu með bláberja-bragði. Magnað.

Nú þegar desember er að klárast keppast menn við að velja mann og konu ársins. Fyrir mér er þetta ekkert flókið. Maður ársins heitir Einar Bárðarson og kona ársins er Unnur Birna Vilhjálmisdóttir. Það var hlegið að Einar fyrir nokkrum árum þegar hann kom með nokkrar aflitaðar fyllibyttur í Buffalo-skóm frá Selfossi og titlaði sig sem umboðsmann. Nú er hann orðinn umboðsmaður einnar þekktustu óperusöngkonu í heimi og er aðalmaðurinn í Idolinu. Unnur Birna er fegursta kona heims.

Fyrsta völvuspá ársins gleður lesendur blaðsins og segir okkur hvað gerist á næsta ári. Það er gaman að sjá spádóma eins og að Bubbi muni yngja upp og Nylonstelpurnar pungi út börnum. Hver veit nema Bubbi byrji með og barni eina Nylonstelpuna. Ég veit það ekki.

Passið ykkur að drepast ekki fyrir skaup, njótið jóllanna og verið góð hvert við annað. Þannig náum við árangri og höldum áfram að vera best í heimi.

Breki Logason



## Sjónvarpskokkurinn flottur á því

# HRINGURINN KOSTAÐI

# 300 ÞÚSUND

Sjónvarpskokkurinn Völli Snær er flottur á því. Nýlega trúlofaðist hann kærustunni, Þóru Sigurðardóttur úr Stundinni Okkar. Gaf hann henni gullfallegan trúlofunarhring sem kostar víst um 300 þúsund krónur. Völli býr á Bahamaeyjum þar sem hann rekur veitingahús og ætlar Þóra að vera hjá honum yfir jólin. Munu þau verða saman í fjórar vikur á eyjunum en þau eru sannarlega glæsilegt par.



KEYPTU EINS 7 MILLJÓN KRÓNA LUXUSJEPPA

KAMPANJUSÉLUD Í FÖRREIÐVÆSLUNNI

395 kr. pr. hefti

HEILAR 12 SÍÐUR UM ÆVINTYRIR 65 MYNDIR – SAGAN ÖLL

MEÐ EINKA-LÍFVÖRÐ

STOLT AF STELPUNNI

FLOTT LEIÐ

FYRIRHVERAN KÆRASTUNNI HÖRRI Á KEPPUNNI

EMMENTAL SÁTTUR FYRIR HENNAR BÖND

Hér & nú Er nú komið inn á [www.visir.is](http://www.visir.is)

## MEÐ ÁRAMÓTAPARTÍ Á REX

Drykkjfelldi leikstjórninn og sprelligosinn Quentin Tarantino ætlar að vera hér á landi yfir áramótin. Ekki er langt síðan hann kom hingað til lands til að kynna kvikmyndina Hostel sem hann framleiðir. Nú ætlar kappinn að mæta aftur og mun halda áramótapartí á Rex á gamlárskvöld. Þar verður líklega keppst við að komast inn og hitta stjórnuna.

## HÉR & NÚ Á NETINU

Hér & nú heldur áfram að gleðja lesendur sína. Nú er hægt að skoða gömlu tölublöð af Hér & nú á netinu. Á fimmtudögum kemur blaðið frá því í vikunni á undan inn á [visir.is](http://www.visir.is) á pdf-formi. Þeir sem búa erlendis eða leiðist í vinnunni geta skoðað blöðin þar. Stjórnuréttir, lífsstíll og alvöru fólk er fín viðbót við allt það sem er í boði á netinu. Endilega smellið ykkur inn á [www.visir.is](http://www.visir.is) og skoðið gömlu blöðin okkar.






**Pau eru saman**

## HELGIN SEM LEIÐ Á DJAMMINU


Sirkus bauð í partí á hinum nýopnaða Zoo-bar. Þar var eitthvað af fólki mætt og mátti meðal annars sjá **Fazmobræður** sem voru eldhressir. **Chloé** lét sjá sig ásamt **Frosta** og **Krumma í Mínus**. **Kiddi í Vínlyl** var einnig með í för.

**Ásgeir Kolbeins** var að taka upp þáttinn sinn með bræðrunum **Hjalta** og **Hauki** en annar þeirra spilaði stórt hlutverk í Ástarfleyinu. **Kanturinn** var einnig mættur í loðkápunni sinni og virtist hress. Á Kaffibarnum var **Will Oldham** en hann er staddur hér á landi



að taka upp plötu. Fara upp-tökurnar fram í Green House hjá Valgeiri Sigurðssyni sem meðal annars vann Medullu með Björk. **Kanturinn** var svo kominn í tekila-skot á Prikinu þar sem Helgi í mötuneytinu var mættur. **Sindri Páll Kjartansson** var einnig á Prikinu ásamt **Porsteini Lár** og **Hemma feita**. Á Vegamótum mátti sjá **Tinnu Marínu** sem var gríðarlega hress. **Ágúst Bogason**

á Rás 2 var einnig hress ásamt **Nönnu Ósk dansara**. Stelpurnar í Bachelornum voru á Hverfisbarnum. Þar voru einnig **Heiðar Austmann** og **Skúli Tyson**. Á Hvebbanum voru einnig **Tryggvi Guðmundsson** fótboltakappi og **Dennis Grbic** úr Ástarfleyinu.



## ÚTVARPSSTJARNAN OG IDOLSTJARNAN

Hit the road Jack," söng Hulda Dögg Proppé í Idolinu á föstudagskvöldið síðasta. Hún komst þó ekki áfram þrátt fyrir fína frammi-stöðu. Það sem hins vegar fáir vita er að hún og Jóhann Garðar Ólafsson, betur þekktur sem Gassi í Zúúber, búa saman. Þau eiga einnig tvö börn saman. Zúúber er einn vinsælasti útvarpsþáttur landsins og er á útvarpsstöðinni fm 957. Magnað.



## MEÐ VERÐMIÐANN Á BOLNUM

Sirkus bauð í partí á Zoo-bar um síðustu helgi. Þar var margt um manninn og meðal annars létu Ingvar og Halli úr Fazmo sjá sig á svæðinu. Þegar þeir félagar gengu inn ráku margir upp stór augu því augljóst var að

Hallgrímur Andri var í nýjum bol. Hann hafði þá gleymt að taka verðmiðann af og hékk hann langt niður á bak. Félagi Hallgríms var þó fljótur að átta sig og lét vita. Halli var ekki lengi að kippa þessu í liðin og var sjóðheitur í partíinu.

Hera Hjartardóttir, Regína Ósk Óskarsdóttir og Hrefna Jóhannesdóttir sýna lesendum Hér & nú fallegu jólakjólana sína og segja frá jólunum sínum.



**Glæsilegar!**

*Fallegar konur  
í flottum kjólum*



# Jólaþjóllinn

## MINN

Ég keypti þennan handsaumaða kjól í antíkbúð á Nýja-Sjálandi fyrr á þessu ári, hann er alsettur myndum af vinnberjum,“ segir tónlistarkonan Hera Hjartardóttir. „Ég keypti hann sérstaklega fyrir afmælispartí hjá vini mínum þar sem þemað var fjórði áratugurinn, það var rosalega skemmtilegt partí. Mér þykir gaman að vera í svona skærum litum á þessum dimma árstíma. Skóna keypti ég líka á Nýja-Sjálandi fyrir sama tilefni. Perluhálsfestin er frá maninum mínum og eyrnalokkarnir eru í stíl.“ Jólin á Íslandi eru frábrugðin jólunum á Nýja-Sjálandi, sem er hennar annað föðurland. „Þar er ekki eins mikið stress í kringum jólin,“ segir Hera en hún eyðir jólunum í ár á Íslandi. „Það er ekki löggó svona mikil áhersla á gjafirnar eins og hérna. Þar er meira lagt upp úr því að vera í rólegheitum og að njóta þess að vera í fríi. Við tókum upp þakka á jóladagsmorgun og svo setjumst við út í garð í sólina og fáum okkur ávaxtasalat og eigum notalega stund saman.“ Uppáhaldsdagur Heru um jólin er 26. desember, en hann er kallaður Boxing Day á Nýja-Sjálandi. „Þá fara allir niður á strönd með afganginn af jólamatnum með sér. Við grillum, köfum í sjónum, leikum okkur saman.“ Það er mikið að gera hjá Heru þessa dagana við að þakka niður öllu dótinu sínu. Hún fer til Nýja-Sjálands 2. janúar og þar ætlar hún að dvelja í eitt og hálft ár.

Jólin koma!

# LOKKANDI Í LJÓSGRÆNU

FRAMHALD Á NÆSTU OPNU



# Jólaþjóllinn

## MINN

Ég keypti mér þetta dress í versluninni Coast fyrir Frostrósartónleikana sem voru í byrjun desember," segir söngkonan Regína Ósk Óskarsdóttir. „Það er svona djúpfjólublátt á litinn, samansett úr topp og pilsu en lítur út eins og heill kjóll.“ Regína segist ekki kaupa sér sérstök jólaföt „Ég kaupi mér bara föt jafnt og þétt allan ársins hring," segir dývan og hlær. „Ég fæ fljótt leið á fötum og þarf að vera dugleg að fá mér eitthvað nýtt og spennandi.“ Regína segist vera mikið fyrir glingur. „Mér þykir rosalega gaman að vera með flotta eyrnalokka.“ Það hefur verið mikið að gera hjá Regínu að undanförunu við tónleikahald, en hún hefur verið að fylgja eftir nýju plötunni sinni ásamt því að syngja með Frostrósunum og kenna í söngskóla Maríu Bjarkar. Hún hlakkar því mikið til að njóta jólanna í faðmi fjölskyldunnar. „Ég og dóttir mín verðum hjá mömmu og pabba á aðfangadag," segir Regína. „Ég er ekki fastheldin á að hafa alltaf sama jólamatinn. Á jólunum á maður að borða góðan mat og eiga notalegt og rólegt kvöld með fólkinu sínu.“ Regína segist upplifa jólin í gegnum litlu dóttur sína. „Jólin verða svo miklu skemmtilegri með henni," segir Regína. „Þau verða lengri og maður nýtur þeirra á annan og betri hátt.“

Díva!

# FUNHEIT FROSTRÓS





# Jólaþakjöllinn

## MINN

Ég ætla að vera heima hjá mömmu og þabba á aðfangadag, ásamt kærastanum og bróður mínum," segir knattspyrnukonan Hrefna Jóhannesdóttir. „Við borðum hamborgarahrygg, sem ég held að sé nú mest gert fyrir mig," bætir hún við og hlær. „Ég er mjög vanaföst, sérstaklega þegar kemur að jóluunum." Hrefna segist ætla að hafa það notalegt með fjölskyldunni um jólin. „Ég ætla að borða góðan mat og hvíla mig vel um jólin. Þetta eru nú samt voðalega stutt jól," segir Hrefna hálfvonsvikin. „Hrefna er í kjól sem hún keypti erlendis. „Ég finn yfirleitt aldrei kjóla sem ég fíla í búðum," segir Hrefna. „Venjulega læt ég sauma á mig kjóla, en ég fann þennan þegar ég var á ferðalagi erlendis. Kjóllinn er alsettur litlum steinum og er úr mjög þægilegu efni." Skóna keypti Hrefna á Costa del Sol í september og eyrnalokkana keypti hún sér nýlega í Kringlunni. Hrefna og hinar KR-stelpurnar eru í fríi frá æfingum yfir hátíðisdagana, en taka nokkrar æfingar milli jóla og nýárs. Áramótunum ætlar Hrefna að eyða í Keflavík í rólegheitunum, með kærastanum og fjölskyldunni hans.

# GLITRANDI OG GLÆSILEG

Hátíðleg!



# Gunnsteinn Mariússon vaktstjóri á Kaffi Sólon tófrar fram seiðma

Hressandi áramótakokkteilar sem fara vel í hendi þegar nýja árinu er fagnað með pompi og prakt. Einfaldir, bragðgóðir og svalandi í mörgum skemmtilegum litum. Tilvaldir í partíð!

## KVEÐJUM ARIÐ MI



### Epla-martini

- 3 cl. lime-vodki
- 3 cl. eplasnafs
- Lime-bátur kreistur ofan í og hrist. Borið fram í martini-glasi.



### 2006

- (Góður fordrykkur)
- 3 cl. Bombay-gin
  - 2 cl. Peach-likjör
  - 1 cl. Parfait amour-likjör
  - Fyllt upp með kampavíni (freyðivíni) og borið fram í kampavinsglasi.



# gnaða áramótakokkteila fyrir lesendur Hér & nú



## Bleik bomba

- 4 cl. vodki
- 2 cl. Peach
- Fyllt upp 40/60 af trönuberjadjús og bombu.



## Fulla frænkan

- 3 cl. vodki
- 3 cl. Kahlua
- 3 cl. Baily's
- 1,5 cl. Amaretto
- Borið fram í kokkteil- eða long drink-glasi.

# ED KOKKTEILUM!



## Sour Apple

- 3 cl. lime-vodki
- 2 cl. Sour apple-líkjör
- Glasið er fyllt af klökum og fyllt upp í með epla-fanta. Borið fram í long drink-glasi.

# ***Gleðileg jól***

***með mjúkum pökkum***



**Handprjónasamband  
Íslands**  
[www.handknit.is](http://www.handknit.is)

Skólavörðustíg 19 sími 550 1890 og Íðu, Lækjargötu 2a



FRAMSÓKN MISSIR FYLGI  
JÓNÍNA BEN SKRIFAR MEIRA  
NFS KLÚDRAST  
NYLON-BARN Á LEIÐINNI  
UNNUR BIRNA HITTIR EIGINMANNINN  
BACHELOR-PARIÐ MEIKAR ÞAÐ EKKI  
HAMFARIR  
ELDGOS  
SIRRÝ TIL RÚV  
BUBBI YNGIR UPP



Viðburðaríkt ár fram undan

# VÖLVUSPÁ

*Hér & nú 2006*

FRAMHALD Á NÆSTU OPNU



## Framsóknar-flokkurinn

### Karlrembur missa fylgi

Næsta ár verður erfitt hjá Framsóknarflokknum og ekki allt jafn glæsilegt þar á bæ. Karlremburnar Halldór Ásgrímsson, Árni Magnússon og Hjálmar Árnason hafa skemmt fyrir flokknum með Jafnréttisstofuhneyksli Árna. Þetta á eftir að hafa afleiðingar í næstu kosningum og þurfa framsóknarmenn að skoða hug sinn og gang ætli þeir að ná til kjósenda. Það kemur þó ekki upp annað hneykslismál en það er alls ekki bjart yfir Framsóknarflokknum.

## Halldór Ásgrímsson

**Parf að hugsa vel um heilsuna**  
Það er vegið að Halldóri og hann þarf að taka á honum stóra sínum til að standast álagið. Hann ætti að huga betur að heilsunni og hreyfa sig í meira mæli. Ganga eða synda.



## Baugur

### Baráttusigling og góðar fjárfestingar

Baugusfeðgar halda sínu striki og má búast við enn meiri útrás sem ekki verður auðvelt að stöðva þó margir vilji þar leggja stein í götu þeirra. En umtalið minnkar ekki og þetta á eftir að verða mikil baráttusigling. Jón Ásgeir birtist sterkur og jafnvel dulrænn á nýju ári. En hann nær árangri langt umfram það sem almennt er talið eðlilegt. Skynfæri mannsins eru háþrúð og nú er hann reiðubúinn að nýta þann ágæta eiginleika betur. Baugur kann vel að tímasetja fjárfestingar sínar og tíminn og umhverfið vinna með þessu fyrir-tæki.

## Jónína Benediktsdóttir

### Skrifar bók og framtíðin björt

Jónína á eftir að ná sér á strik eftir erfiðan tíma. Hún hefur fengið það óþvegið og ekki alltaf átt það skilið. Mennt eiga eftir að líta hana öðrum augum þegar fram í sækir. Hún er sál sem þarf að dafna í friði þótt hún hafi lent í því að umgangast fólk með meiri völd og peninga en hún sjálf er vön. Hún þarf að fá að lifa lífinu án þess að vera brotin niður í frumeindir. Völvurnar hafa trú á því að Jónína eigi eftir að setjast niður og skrifa aðra bók og að framtíð hennar sé björt.





## NFS

### Stöðin fellur

NFS fer vel af stað en stjórnendur mega ekki gleyma að leyfa starfsfólkinu að hvíla sig svo það haldi áfram að ná til áhorfenda. Apparatið er of stórt til að við það verði ráðið.



## Logi Bergmann Eðsson

### Mikil vinna

Það eru engin börn sjáanleg á næstunni hjá þeim Loga og Svanhildi. Mikil vinna bíður Loga á næsta ári.



## Páll Magnússon og RÚV

### Ný kynslóð á RÚV

Páll á eftir að gera margar breytingar hjá RÚV þó ekki sé víst að þær verði allar til góðs. Páll þarf að vera vakandi yfir þeim breytingum sem hann hrindir í framkvæmd. Vissulega eru breytingar góðar en hann þarf að gæta sín á því að fara ekki of hratt í sakirnar. Auðvelt er að klúðra hlutunum og eyðileggja. Páll er þó sigurvegari í eðli sínu. Innan RÚV ríkir góður andi og breytingarnar fram undan sýna þjóðina sátta við framtak hans. En Páll er rétt að byrja á umfangsmiklum breytingum sem við verðum vör við í byrjun febrúar. Hann má ekki ofkeyra sig í starfinu. Ungt fólk er ráðið í meira mæli í Efstaleitið og því fallin meiri ábyrgð. Ný kynslóð bíður um orðið og Páll er maðurinn til að ljá henni eyra.



## Eiður Smári Guðjohnsen

### Skiptir um lið

Eiður mun spjara sig svo framarlega sem hann heldur jafnvægi innra með sér og er duglegur að fylgja þeim ráðleggingum sem hann fær. Það er þó vissulega erfitt hjá honum stundum. Faðir hans stendur við hlið hans með bolta í vinstri hendi í landi sólarinnar. Hann skiptir um lið og fer þangað sem sólin skín oftast en í Bretlandi. Völvurnar eru ekki vissar um að það að skipta um lið muni bæta stöðu hans í boltanum.

**FRAMHALD Á NÆSTU OPNU**



## Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson

### Skortir það sem til þarf

Vilhjálmur stýrir flokknum í logninu en þetta verður ekkert æsiframboð eins og fólk býst við. Vilhjálmur er reyndur stjórnálamaður en það verða ekki miklar breytingar. Sjálfstæðismenn þurfa eitthvað allt annað en Vilhjálm til að ná árangri. Önnur völván segir að Vilhjálmur muni vinna borgina og efla hana. Þetta verður allt mjög spennandi.

## Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

### Næsti forsætisráðherra

Ingibjörg Sólrún er mikill stjórnmálamaður en fer stundum offari og þarf að horfa öðruvísi á hlutina. Henni á eftir að ganga vel en það á margt eftir að breytast í lífi hennar og þá sérstaklega pólitísku lífi hennar. Ingibjörg veit að tímarnir breytast og mennirnir með. Mjög líklegt er að Ingibjörg Sólrún verði næsti forsætisráðherra.



## Borgarstjórnarkosningarnar

Dagur B. Eggertsson

### Sterkur leikur, flytur af landi brott

Það kemur nýtt blóð í borgarstjórnarslaginn með Degi B. Eggertssyni sem hefur gefið kost á sér í fyrsta sæti Samfylkingarinnar. Það verður mjótt þar á munum. Dagur er leiðtogi sem fær fólk úr öðrum flokkum til að ganga til liðs við Samfylkinguna. Þetta er mjög sterkur leikur fyrir Samfylkinguna og mun hann eiga töluverða möguleika ef svo fer fram sem horfir. Völvurnar tvær og eru alls ekki sammála. Önnur völván segir að Dagur muni ekki ná þeim árangri sem hann sækist eftir og hann muni flytja af landi brott ásamt konu sinni og börnum og verða þar sáttur við guð og menn.

## Jóhanna Vilhjálmstöðttir

### Í pólitík með þabba

Jóhanna Vilhjálmstöðttir þáttarstýra í Kastljósi mun láta stjórnmal til sín taka og slást í lið með föður sínum þegar fram líða stundir. Hún er foringjaefni og það vita menn. Hún verður tilbúin í lok ársins.







**Unnur Birna**  
**Hittir eiginmanninn**  
 Unnur Birna á eftir að spjara sig svo framarlega sem hún hlustar á góðar ráðleggingar og fer ekki of hratt í sakirnar. Hún þarf að gera hlutina hægt og rólega. Unnur á mikla visku innra með sér og það geislar af henni. Hún hefur alla burði til að takast á við þetta hlutverk svo framarlega sem hún heldur sér á jörðinni og lætur ekki framann hlaupa með sig í gónur. Hún verður mikið á ferðalögum næsta sumar en þegar nær dregur haustinu fer hún að hugsa sinn gang og völván heldur að hún muni halda sig heima við og halda áfram að mennta sig. Unnur Birna er stór sál í litlum líkama. Mikil vinna er fram undan og óteljandi hættur. Hún hittir tilvonandi eiginmann sinn í byrjun árs og sá er ekki af íslenskum uppruna.

**Nylon-stelpurnar**  
**Barn á leiðinni**  
 Hér kemur fram útpensla hjá stúlkunum sem tekur tíma að heppnast eins og þær vonast til. Barneignir birtast innan hópsins. Nylon fjölgar sér. Hver það er kemur ekki fram.



**Birgitta Haukdal**  
**Sjónvarpsstjarna**  
 Birgitta skrifar nýjan kafla í líf sitt. Hér eru aðrar áherslur en áður og það tekur á hana tilfinningalega. Hún dregur sig í hlé og reynir fyrir sér í sjónvarpinu. Gæti vel verið að þær vinkonurnar Birgitta og Ragnhildur Steinunn eigi eftir að sprella eitthvað á skjánum saman. Ekkert barn er sjáanlegt á næstunni hjá Birgittu.



**FRAMHALD Á NÆSTU OPNU**





## Veðrið og hamfarir

### Gott veður og eldgos

Veðrið verður þokkalegt á næsta ári og við fáum gott sumar. En völvurnar spá því að einhver óhöpp eigi sér stað. Við verðum vitni að skipsskaða og hamförum en þó ekki í miklum mæli. Þetta mun gerast með vorinu. Völvurnar vona samt að lítið sem ekkert manntjón verði en hafa þó sterka og um leið slæma tilfinningu fyrir þessu. Einnig sjá völvurnar eldgos og þá líklega undir jökli.

## Siv Friðleifsdóttir

### Fær viðurkenningu

Siv Friðleifsdóttir snýr sér að mannglegum málefnum og það á heimsvísu í einhverjum tilgangi. Viðurkenning fyrir vel unnið starf er á næsta leiti þar sem eitt leiðir af öðru í jákvæðum skilningi hjá henni.

## Katrín Júlíusdóttir

### Finnur ástina

Katrín Júlíusdóttir, alþingismaður Samfylkingarinnar, mun eflast í upphafi næsta árs eftir erfið veikindi. Hér birtist ástarævintýri. En þessi kona getur heillað næstum hvaða manneskju sem er.



## Jón Baldvin Hannibalsson

### Snýr ekki aftur

Jón Baldvin hefur lokið þátttöku í pólitík og það er best fyrir hann að setjast í helgan stein og horfa út á hafið. Hann er búinn sem pólitískur leiðtogi. Hann á eftir að skrifa bók sem er miklu heillavænlegri starfi fyrir hann en pólitíkin. Jón Baldvin er kominn heim til að vera. Bryndis Schram eiginkona hans nær sér hins vegar ekki á það strik sem hún hefði kosið.



## Davíð Oddsson

### Dregur sig í hlé

Davíð Oddsson tekur því rólega og sinnir konu sinni og starfinu í Seðlabankanum. Hann leitast við að ljúka því sem þarf og heldur sig til hlés í byrjun árs. Hann er maður afhafna og er ekki í rónni nema hann geti haft áhrif.

## Kárahjúkar

### Öfl náttúrunnar

Hér birtast óhöpp og því skulu menn virða öfl náttúrunnar af einlægni fyrir alla muni. Mannskapurinn hefur ekki meðvitaða stjórn á kringumstæðum seinni hluta árs.

## Pórey Edda Elísdóttir

### Vinnur stóra sigra

Pórey á eftir að ná betri árangri en hingað til. Þessi stúlka verður hetja Íslands og menn munu minnst hennar sem afrekskonu.

## Útrás og milljarðamæringarnir

### Stórt hneykslismál

Útrás íslenskra milljarðamæringa verður ekki eins mikil og verið hefur til þessa. En stóru karlarnir stækka; þeir verða ríkari en það kemur ekki í veg fyrir stórt hneykslismál í þeirra hópi innan þriggja ára.

FRAMHALD Á NÆSTU OPNU





Kökur fyrir jólin



Smákökur í miklu úrvali



Konfekt og sælabrauð

# Ber með sér ilm af jólum



Pýskt jólabrauð



Gjafakörfur í ýmsum stærðum





## Örninn, Elva Ósk Ólafsdóttir og María Ellingsen

### Sigurgangan á enda

Breytingar verða á þættinum Erninum sem þær Elva Ósk Ólafsdóttir og María Ellingsen leika í. Þátturinn mun ekki koma til með að ganga eins vel og hann hefur gert hingað til.

## Elva Ósk Ólafsdóttir

### Verður ástfangin

Elva Ósk mun eignast nýjan mann og hann verður erlendur. Kannski mun hún kynnst honum við tókur á danska þættinum Erninum.

## Bubbi Morthens

### Elskar yngri konu

Bubbi þarf að róa sig niður og þá er ekki verið að tala um vinnuna. Hann mun halda áfram að syngja á fullu. Hann verður að gæta orða sinna. Það er ekki hægt að segja hvað sem er. Hann er fyrirmynd svo margra. Bubbi finnur ástina á næsta ári og tekur þrjú börn að sér. Konan sem hann fellur fyrir er töluvert yngri en hann.

## Bachelor-parið

### Ástin endist ekki

Samband fyrstu sjónvarpsfjölskyldunnar mun ekki ganga upp samkvæmt spá völvanna. Jenný mun bráðlega hitta annan mann; líklega í sumarbyrjun.

## Emilíana Torrini

### Fræg um heim allan

Heimsfrægð er svarið hjá Emilíönu. Hún dafnar og syngur til heimsbyggðarinnar.

## Silvía Nótt

### Færir sig um sess

Sigurganga Silvíu Nætur er á enda hjá Skjá einum og mun hún færa sig yfir á Stöð 2.

## Sigríður Arnardóttir

### Fer yfir á RÚV

Sirry heldur áfram í sjónvarpi en færir sig yfir á Sjónvarpið, gamla vinnustaðinn, og þar mun hún láta ljós sitt skína.





Leiruvogur við landnám



Fyrsti landnámsmaðurinn



Ölmusumenn



Pórður þögli og fjölskylda



Fjórburar í Mosfellsbæ



Zeppelin yfir Mosfellsheiði



Gullnámugöng frá 1924



Soldátar í Mosfellssveit 1943



The Kinks á Reykjavorg 1965

MÁLVERK

TRÉRISTUR

HANDRIT

LÝSINGAR

TEIKNINGAR


KORT

LÍNURIT

LJÓSMYNDIR

# FRÓÐLEIKSNÁMA

UM ÍSLENSKA BYGGÐARSÖGU



er ákaflega eiguleg, skemmtileg, fræðandi og afar vönduð bók í stóru broti.

**...saga, munnmæli, þjóðsögur, húmor, staðreyndir, skemmtun, upplýsingar, leyndarmál, sakamál, trúmál, ástarfar, tíðarfar, kvennafar, karlafar, búskapur, sjósókn, veiðar, líf, dauði o.fl. o.fl...**

- Yfir **700** ljósmyndir, teikningar og kort, fjöldi áður óbirt
- Yfir **500** síður af heimildum, sögum og munnmælum
- Fjórlega skrifuð, skemmtileg og afar fræðandi
- Glæsilegt heimildarit frá landnámi til okkar daga
- Halldór Laxness, Kekkonen, Churchill, Kinks, Graf Zeppelin, Sigurjón á Álafossi, Jón á Reykjum og fleiri og fleiri. . .



Suðurlandsbraut 6 | 108 Reykjavík | Sími: 565-9320 | [www.pjaksi.is](http://www.pjaksi.is)

# Hvar fagna stjórnurnar nýju ári?

# DÝRAST AÐ BORÐA Í PERILUNNI

Það hefur myndast nokkur hefð fyrir því að fólk lyfti sér frekar upp á nýárskvöld en að þurfa að bíða í leigubílaröðinni á gamlárskvöld. Hér & nú skoðaði það sem er í boði.

## BJÖRGÓLFUR Í IÐNÓ

Nokkur önnur parti verða svo haldin víðs vegar í Reykjavík. Til dæmis er Björgólfur yngri búinn að leigja veitingastaðinn Iðnó og á sennilega eftir að halda eftirminni-legt parti þar. Þangað eiga eftir að kíkja fótboltakappinn Björgólfur Takefusa, Ásgeir Friðgeirsson og allt Vesturportsfólkið

og eflaust hinir ýmsu viðskiptafélagar Björgólfs Thors og listamenn sem hann hefur styrkt í gegnum tíðina. Þetta er einkaparti og það verða aðeins boðsgestir.

## PERLAN

Það kostar 25 þúsund krónur á mann að halda upp á nýja árið í Perlunni og þar hafa fyrimenni Íslands oft fagnað. Þar má eiga von á að rekast á ýmsar þjóðþekktar persónur, til dæmis Guðna Ágústsson, Davíð Oddsson, Friðrik Sophusson, Elínu Hirst, Kjartan Gunnarsson, Bakka-vararbræður og marga af nýríku Íslendingunum.

### MATSEÐILLINN Í PERLUNNI

- Kampavín og lystaukar
- Kanadískur humar og humarkló með raviolí, humarsósu og aspas
- Kúrbítsblóm með hörpuskelsfarsi og foie gras-sósu
- Sveppafylltar dúfubringur með ætíspistlum og madeirasósu
- Nautalundir með steiktum portobello-sveppum, basil, kartöflumauki og kálfa jus
- Geitaostur með fíkjusalati
- Hvítt súkkulaði, ástríðuáväxtur og pistasíu-mousse og hindberjum
- Kaffi og konfekt
- Með öllu þessu fylgja sérvalin vín

## BORGIN

Ein flottasta og mest spennandi veislan verður haldin á Hótel Borg en það er athafnamaðurinn og fasteignasali Andrés Pétur Rúnarsson sem stendur fyrir þeirri veislu. Andrés segir að hann hafi byrjað fyrir nokkrum árum að halda svona boð heima hjá sér en þau hafi fljótlega orðið svo vinsæl að hann hafi ákveðið að flytja nýársboðið yfir á veitingastaðinn Einar Ben. Núna er þetta magnaða nýársboð haldið á Hótel Borg og eftir matinn verður engin önnur en Sálin að spila og landsþekktir skemmtikraftar skemmta matargestum. Verðið á þetta parti er 12.900 krónur og það er uppselt. Má eiga von á að sjá þarna Gísla Marteín, Rúnar Frey leikara, Fjölni Þorgeirsson, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson, Gunnar Andra sölumann, flesta fasteignasala Reykjavíkur og nokkra flotta bílasala. Gert er ráð fyrir að 228 manns mæti.

### MATSEÐILLINN Á BORGinni

- Canapé
- Dádyra-carpaccio með kantarellusalati og karamelluðum fíkjum
- Humar- og reykáls-terrín vafið í parmaskinku með kryddjurtasalati
- Andabringa með kartöflu-mósaík, dverggrænmeti og xante-sósu
- Súkkulaði-engifertart með vanilluís og balsamikgljádum jarðarberjum


## KOLBEINS Í IÐU

Ásgeir Kolbeins, Jón Gunnar Geirdal, Arnar Grant og Ívar Guðmunds ætla að halda heljarinnar parti á nýárskvöld í

Iðuhúsinu í Lækjargötu. Það verður fjögurra rétta veislumáltíð og fordrykkur. Þar verða Heiðar Austmann,

Binni strípa, Svái, Gunna Dis, Logi Bergmann og frú og Auddi og Pétur úr Strákunum með öllum hnakkaflothanum. Reikna má með því að Arnar Grant dragi að fitness- og eróbbíkkfólk Reykjavíkur sem vonandi skilur próteindrykkina eftir heima. Það má segja að fallegast fólk Íslands verði saman komið í Iðuhúsinu. Hljóm sveitin í svörtum fötum ætla að halda uppi stuðinu langt fram undir morgun.





HR konfekt er handgert, lagað úr  
besta fðanlega hráefni og án allra aukaefta.  
Í óskjunum eru fjórar til sex bragðtegundir  
sérílagðar af natni og alúð, kryddaðar með  
eðalkryddum samkvæmt klassískum hefðum  
og víðeigandi kenjum súkkulaðimeistarans,  
Chocolatier.

*Hafliði Ragnarsson*  
Hafliði Ragnarsson Chocolatier



*Gleðileg jól*

[www.konfekt.is](http://www.konfekt.is)

*HR súkkuláði er selt í Mosfellsbakari, Urðarholti 2, Mosfellsbæ og á Háaleitisbraut 58-60, Reykjavík.*

# ENGINN GETUR TALI UR NEMA HAFA KYNN

**Ævintýri líkast** Að koma inn á heimili Ingólfs er ævintýri líkast.

**A**ð koma heim til Ingólfs Guðbrandssonar er eins og að ganga inn í ævintýraheim. Blaðamaður Hér & nú eyddi tveimur góðum tímum með víðförlasta manni Íslands um síðustu helgi þar sem drukkið var cappuccino úr fallegum postulínsbollum í stórrí stofu sem Ingólfur segir sjálfur að rúmi um 100 manns.

„Ég er ekki mikið fyrir minimalisma,“ segir Ingólfur er hann gengur um húsið þar sem minjagripir og málverk þekja alla vegg. Minjagripir sem kortaleggja ferðalög hans um heiminn endilangan.

## Tími til að hugsa og plana

„Lífið er ferðalag, fjölbreytt, litríkt, auðugt eða fábreytt, litlaust og tómlegt. Allt eftir því hvernig því er lífað. Ferðalög eru menntandi og þrátt fyrir gott skólanám getur enginn talist fullmenntaður nema hafa kynnt sér heiminn og undur hans af eigin sjón og raun,“ útskýrir Ingólfur.

Hann ætlar að eyða jólnum í New York-borg þar sem dóttir hans Eva Mjöll býr ásamt fjölskyldu sinni. Svo er ferðinni

heitið til Níkaragva og að lokum til Dóminíska lýðveldisins þar sem hann mun kveðja árið 2005 í faðmi góðra féлага.

„Ég er svo lánsamur að hafa kynnst góðu fólki víða um heiminn og á víða heimboð sem ég get ekki öll þegið,“ segir Ingólfur.

„Flest jólf hef ég átt á Íslandi en einnig hef ég eytt jólum eða áramótum í París, Austurlöndum, Suður-Afríku og Suður-Ameríku. Jólin eru mikils virði, sérstaklega fyrir okkur íbúa á köldum slóðum. Því jólnum fylgir birta og hlýja í mannlegum skilningi og sameining fjölskyldna. Mér, eins og flestum, finnst nóg um veraldarvafstrið sem stundum vill skyggja á sjálft tilefni jólaanna.

Fyrir mér er jólahátíðin tími friðar og hugleiðslu og áramótin eru uppgjör við hið liðna og fortíðina í mörgum skilningi. Annars uni ég mér líka vel einn. Þá er tími til að hugsa, rifja upp og plana fram í tímann,“ segir Ingólfur.

**FRAMHALD Á NÆSTU OPNU**



# ST FULLMENNTAÐ - NT SÉR HEIMINN

Ingólfur Guðbrandsson  
opnar dyrnar fyrir lesendum  
Hér & nú. Hann eyðir jólunum  
í New York og áramótunum í  
Dóminíska lýðveldinu.

Ævintýri  
líkast!



**Málverk** Sem  
Baltasar Samper  
málaði af honum og  
Kvenskrímslíð eftir  
Gunnar Örn.



**Fullt af heiðursverðlaunum**  
Þessi veggur í húsi Ingólfs er fullur  
af íslenskum og ítölskum heiðurs-  
skjöllum. Portrettmyndin er eftir  
japanskan listamann sem málaði  
hana á Kanaríeyjum.





**Ingólfur og orkideurnar** Ingólfur er með mikið af plöntum og fallegar orkideur á heimili sínu.

**Fallegir munir** Ingólfur hefur safnað fallegum húsgögnum í gegnum tíðina. Þessi fallegi skenkur er frá Ítalíu sem og málverkíð sem er eftir sikileyskan listamann.



**Listrænn!**

**Mikið rými** Það er mikið rými í stofu Ingólfs og þar kæmst hæglega fyrir 100 manns. Stórar svalir og mikil birta.



**Flottur bar** Ingólfur er með flottan bar í húsi sínu. Þar er nóg af áfengi sem er þó lítið snert.

**Víðförlasti maður Íslands**

„Án þess að vilja guma af því er ég víðförlasti maður Íslands-sögunnar og ég held að ég megi njóta þess. Það hefur verið ævistarf mitt að hjálpa öðru fólki að kynnst heiminum í gegnum þekkingu mína og reynslu. Fólk verður nærsýnt á lífið nema það ferðist og skoði heiminn. Það eru staðfestar heimildir frá fornu fari. Heimskt er heimaalið barn en vits er þörf þeim er víðar ratar segir í Háva-málum. Fátt hefur breytt lífsvenjum fólks jafn mikið á síðari árum og síaukin ferðalög,“ segir Ingólfur og bætir við:

„Áttahagafjötrar eru ekki lengur til í sömu merkingu og áður nú á dögum hnattvæðingar. Lífið býður hugsandi fólki upp á nýja möguleika. Gallinn er sá hve fáir kunna að lifa lífinu og njóta til góðs fyrir sjálfa sig og aðra.“

**Ævintýri sem seint gleymast**

Ingólfur er tiltölulega nýkominn úr mánaðarlangri hnattreiðu og hefur margar sögur að segja. „Ferðirnar sem ég býð eru allar tengdar menningu, sögu eða listum. Þannig kynnumst við lönd-

um og þjóðum bæði að fornu og nýju. Ég reyni ávallt að gefa fólki rúman tíma miðað við það sem almennt tíðkast í hópferðum. Við ferðumst til Indlands, Tælands, Kína, Japans, Hawaii og enduðum í Kaliforníu, í San Fransico.

Áður hafði ég boðið margar hnattreisur á suðurhveli jarðarinnar en slóð menningarinnar liggur norðan við miðbaug því þau lönd fundust ekki fyrr en miklu seinna. Þessi ferð um norðurhvelið er sú umfangsmesta sem ég hef efnt til og fyrir hvern þátttakanda ævintýri sem aldrei gleymist,“ segir Ingólfur.

En hvað stendur upp úr? „Índland er fullt af andstæðum og margir táruðust við að sjá Taj Mahal og sjálfum finnst mér óborganlega skemmtilegt að ferðast um Rajastan. Það háir Íslendingum hve margir eru forðómafullir og draga rangar ályktanir um hið óþekktá.

Gaman var að kynnst því hvernig hópurinn skipti um skoðun á Tælandi við að kynnst fegurð landsins, fullkominni þjónustu og ljúflyndi fólksins,“ segir Ingólfur sem efnir til sérferðar um Tæland og Búrma í lok janúar en önnur hnattreiða er í uppsiglingu í nóvember á næsta ári.

**Við flygilinn** Ingólfur segist ekki spila jafn mikið á flygilinn núna og hann gerði einu sinni en hann gleymir sér þó stundum.







# EINI SÚLUSTADURINN Á LANDINU

**Goldfinger** er einu súlustaðurinn í höfuðborgarsvæðinu.

Auk glesligna kvensu, erum við með mikil úrval vísifingurda, óvæla er boðið upp í annað eina.

Á **Goldfinger**, getur þú gætt að þriðri vísu að hópar gullfallegri kvensu frá fjölmörgum þjóðico-  
dum heki fyrir þig líta sínar og stemmti þér í ógleymanlegan hátt.

Komdu í **Goldfinger**, og njóttu þín í fánheitri stemmningu ok á kvöld frá klukkan 20.

## GOLDFINGER

## TAKTU PRÓFIÐ

# HVAÐ VEISTU UM JÓLIN?

Hversu vel ertu að þér um jólin og það sem þeim tengist? Taktu prófið til að komast að hinu sanna!

1. Í sumum löndum er hefð á jólum að kyssast undir...

- A ...grenigrein.
- B ...laufblaði.
- C ...mistilteini.

2. Hvað er oft sett út í jólagrautinn?

- A Steinn.
- B Demantur.
- C Mandla.

3. Botnaðu laglínuna: Ég kemst í hátíðarskap...

- A ...þegar ég fæ mér kalda Tab.
- B ...þótt úti séu snjór og krap.
- C ...er ég keyri um á nýjum Saab.

4. Hvar var Jesúbarnið lagt?

- A Í jötu.
- B Í barnavagn.
- C Í burðarrúm.

5. Hvað fá óþekku börnin í skóinn?

- A Playstation-tölvu.
- B Kartöflu.
- C Sælgæti.

6. Hvað var Snæfinnur snjókarl með á höfðinu?

- A Snjádán pípuhatt.
- B Túrban.
- C Lopahúfu.

7. Hversu margir sunnudagar eru í aðventunni?

- A Einn.
- B Sjö.
- C Fjórir.

8. Hvað eru íslensku jólasveinarnir margir?

- A Níu.
- B Prettán.
- C Sex.



# SVÖR

1.-C-2.-C-3.-B-4.-A-5.-B  
6.-A-7.-C-8.-B



Gætir þú hugsað þér að  
uppgötva kaffi upp á nýtt?



Það gæti kallast heilög athöfn: Að taka fram kaffivöminu rétt áður en þú ætlar  
að njóta þess að drekka nýmalað og nýlagð kaffi. Þú nærð fram hinu fullkomna bragði og nýtir alla  
eiginleika kaffibaunanna til hins ítrasta. Svartigaldur?

Einstakt bragð

## 1 Valdi sjálf nafnið

„Ég var ekki skírð Elísabet, ég bætti því við sjálf þegar ég var unglingur.“



## 2 Prince í uppáhaldi

„Ég er sjúklega hrifin af tónlistarmanninum Prince.“



## 3 Mjög nærsýn

„Ég er næstum blind af nærsýni, er alltaf með linsur.“

## 4 Rómantísk

„Ég er óforbetr-  
anlegur rómantíker, kveiki á 27 kertum og les Jane Austen þegar ég vil hafa kósi.“



## 5 Leynidraumur

„Ég á mér leynidraum um að vera söngkona, ferillinn reis hæst í bakróddum hjá Emiliónu Torrini í Lay down í Stonefree.“



# 10 hlutir sem þú vissir ekki um mig...

Leikkonan Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir úr Stelpunum talar meðal annars um að hún eigi leynidraum um að vera söngkona, Prince og dagbóarskrif.

## 6 Selfossþía

„Ég er frá Selfossi.“



## 7 Rífst við fólk

„Ég rífst stundum við fólk, rífrildisins vegna.“



## 8 Heilluð af Hoffman

„Ég myndi dropa öllu fyrir Philip Seymour Hoffman.“



## 9 Græjusjúk

„Ég er með græjudellu, vil alltaf eiga nýjustu og flottustu græjurnar og dett í að spila tölvuleiki út í eitt.“

## 10 Segir dagbókinni frá

„Ég hef haldið dagbók síðan ég var 14 ára.“





***hér&nú***

**STÚLKAN**

**Jóhanna  
Pálsdóttir  
18 ára**

**J**óhanna Pálsdóttir er 18 ára gömul og úr Grindavík. „Ég er á málabraut í Fjölbautaskóla Suðurnesja og útskrifast í vor,“ segir Jóhanna sem er ekki alveg búin að ákveða hvað tekur þá við. „Mig langar rosalega að fara eitthvað til útlanda. Til Spánar eða Frakklands, einhvers af þessum heitu löndum.“ Jóhanna segist vera mikil jólastelpa og ætlar að eyða jólnum með fjölskyldunni og vinum. „Ég er ekki að vinna neitt um jólin, bara að sjá um heimilið,“ segir Jóhanna sem er á lausu.



# Vodafone live!



Hringitónar



Fréttir og Íþróttir



Leikir



Skemmtun

## GÓÐA SKEMMTUN

Komdu í spennandi heim afþreyingar og upplýsinga



Vodafone live! SÍMI

**19.900 kr.**

NOKIA 6101



Vodafone live! SÍMI

**24.900 kr.**

MOTOROLA V3 RAZR



**26.900 kr.**

NOKIA 6230i

Vodafone live!

ótrúlegt verð


og

vodafone

Smelltu þér á [www.ogvodafone.is](http://www.ogvodafone.is), farðu í næstu verslun Og Vodafone eða hringdu í 1414 fyrir nánari upplýsingar.

Heyrumst!

# VIÐ BJÓÐUM GÆÐI, ENDINGU OG 3JA ÁRA ÁBYRGÐ



## Pioneer

### PIONEER PDP-506XDE/FDE PLASMA SKJÁR

Skjá stærð 127 cm (50"). Skjáhlutfall 16:9. Upplausn 1280 x 768 punktar. HD Ready/2x HDMI. Pureblack/Pure drive 2HD. Skerpa: 4,000:1

**Valið besta Plasma sjónvarpið 2005-2006**  
Verð frá: 499.900



## Pioneer

### PDP-436XDE/FDE PLASMA SKJÁR

Skjá stærð 109 cm (43"). Skjáhlutfall 16:9. Upplausn 1024 x 768 punktar. HD ready/2 X HDMI. Pureblack/Pure drive 2HD. Skerpa: 3,000:1

**Verð frá kr.: 399.900**

## Pioneer

Leiðandi í framleiðslu Plasma sjónvarpstækja, með því að velja PIONEER ertu tryggður til framtíðar, enda staðfesta erlend tæknitimarit það. Meðal annars hefur PIONEER hlotnast EISA verðlaunin tvö ár í röð. Hér er framtíðin tryggð. Útkoma: Hreinni mynd, skarpri og mun raunverulegri en nokkru sinni fyrr. Sjáðu minnir!

## SAMSUNG

Eitt framsæknaasta fyrir tæki í heimi í raftækjaframleiðslu. Hjá SAMSUNG er markmiðið topp-vara á góðu verði. Þeir eiga í dag besta LCD sjónvarpið samkvæmt EISA, samtökum erlendra tæknitimarita. SAMSUNG er tæknirisi sem hefur ýtt Sony af stalli sem slíkum.



### SAMSUNG LE40M61BX

#### Valið besta LCD sjónvarpið 2005-2006

40" LCD sjónvarp. Háskerpusjónvarp (HDTV). 6.4 milljarðar lita. Upplausn 1366 x 768. Skerpa 5000:1. Birta 500 cd/m2. DNIe myndleiðrétting. 178° sjónarhorn. SrS TruSurround XT hljóðkerfi 1000 síðna textavarsmínni

**Verð: 369.990**



### SAMSUNG

#### SAMSUNG LE-40R51B

40" Breiðtjaldssjónvarp Háskerpusjónvarp (HDTV) Upplausn: 1366 x 768 Skerpa: 3000:1 Birta: 500 cd/m2 DNIe myndleiðrétting 170° sjónarhorn SRS TruSurround XT hljóðkerfi 1000 síðna textavarsmínni

**Verð: 299.990**



### SAMSUNG

#### LE-32R41B

32" Breiðtjaldssjónvarp Háskerpusjónvarp (HDTV) Upplausn: 1366 x 768 Skerpa: 3000:1 Birta: 500 cd/m2 DNIe myndleiðrétting 170° sjónarhorn SRS TruSurround XT hljóðkerfi 1000 síðna textavarsmínni

**Verð: 179.990**



### SAMSUNG

#### SAMSUNG LE-40M51B

40" LCD sjónvarp Háskerpusjónvarp (HDTV) Upplausn 1366 x 768 Skerpa 3000:1 Birta 500 cd/m2 DNIe myndleiðrétting 170° sjónarhorn SrS TruSurround XT hljóðkerfi 1000 síðna textavarsmínni

**Verð: 329.990**



### SAMSUNG

#### SAMSUNG DVDVR325

##### Sambyggt DVD skrifari og myndbandstæki

Skrifar frá DVD á VHS og frá VHS á DVD.

Tekur upp á DVD beint úr sjónvarpinu og myndbandstökuvélinni. • HDMI tengi

**Verð: 49.990**



### SAMSUNG

#### SAMSUNG DVD-HR720

##### DVD upptökutæki með 80GB hörðum disk

Spilar DivX DVD, DVD-RAM, DVD-R, DVD-RW, SVCD, CD, CD-R, CD-RW, MP3, JPEG

**Verð: 44.990**



SÍÐUMÚLA 9 • SÍMI 530 2800  
 SMÁRALIND • SÍMI 530 2900



**LOEWE.**

**LOEWE INDIVIDUAL**  
 32" Háskerpusjónvarp. HD Ready.  
 Upplausn: 1366 x 768. Innbyggður DVB-T /S stafrænn  
 sjónvarpsmóttakari. Skerpa 800:1. Birta: 450 cd/m2  
**Verð: 299.900**



**LOEWE.**

**LOEWE XELOS**  
 32" Háskerpusjónvarp. HD Ready. Upplausn: 1366 x 768.  
 Innbyggður DVB-T stafrænn sjónvarpsmóttakari. Skerpa:  
 800:1. Birta: 450 cd/m2  
**Verð: 259.900**



**LOEWE.**

**LOEWE CONCEPT**  
 32" LCD sjónvarp. Upplausn: 1366 x 768  
 Skerpa: 800:1. Birta: 450 cd/m2  
**Verð: 199.900**

## LOEWE.

LOEWE línan er glæsilega hönnuð, hvernig sem á það er litíð.  
 LOEWE er virtasti sjónvarpsframleiðandi Þýskalands og leggur  
 ríka áherslu á tækni, þróun og glæsilega hönnun.  
 LOEWE sjónvörp eru margverðlaunað fyrir gæði og afburða hönnun.

## SHARP

SHARP LCD skjár eru álitnir þeir bestu í heimi og vörulínan í  
 SHARP LCD sjónvörpum er stór - hún spannar frá 13" upp að 45".  
 Ef myndgæðin skipta þig máli þegar þú hugleiðir sjónvarpskaup þá  
 verður þú að skoða SHARP LCD sjónvörp.  
 Styrkurinn liggur í 25 ára þróun þessarar tækni.



**SHARP**  
**SHARP LC-26GA6E**  
 HD -Ready  
 26" LCD veggssjónvarp  
 Upplausn: 1366 x 768  
 Glampavarinn skjár  
 Skerpa: 800:1  
 Birta: 450 cd/m2  
 Sjónsvið: 170°/170°  
 HDMI tengi  
**Verð: 149.900**



**SHARP**  
**SHARP LC-32P50E**  
 PAL-optimal  
 32" LCD veggssjónvarp  
 Upplausn: 960 x 540  
 Glampavarinn skjár  
 Skerpa: 800:1  
 Birta: 450 cd/m2  
 Sjónsvið: 170°/170°  
 HDMI tengi  
**Verð: 159.900**



**SHARP**  
**SHARP LC-37P50E**  
 PAL-optimal  
 37" LCD veggssjónvarp  
 Upplausn: 960 x 540  
 Glampavarinn skjár  
 Skerpa: 800:1  
 Birta: 450 cd/m2  
 Sjónsvið: 170°/170°  
 HDMI tengi  
**Verð: 259.900**



**SHARP**  
**SHARP LC-15SH2E**  
 15" Svartur TFT LCD skjár,  
 flöktrír m/glampavörn  
 Upplausn 640 x 480  
 Skerpa 500:1  
 Birta 430 cd/m2  
 OPC sjálfvirk birtustýring  
 Sjónsvið 170°/170°  
**Verð: 49.900**



**PIONEER DVR-530**  
**DVD SKRIFARI m/HÖRÐUM DISKI**  
 DVD upptökutæki með 160GB harðum disk  
 Allt að 455 klst. upptaka á harða diskinn  
**Eisaverðlaunin 2005-2006**  
**Verð kr.: 69.900**



**PIONEER DVR-433**  
**DVD SKRIFARI m/HÖRÐUM DISKI**  
 • DVD upptökutæki með 80GB harðum disk  
 • Allt að 270 klst. upptaka á harða diskinn  
**Verð kr.: 54.900**



**5 AF 7 BESTU**  
**VEGGSJÓNVARPUNUM**  
**FÁST HJÁ ORMSSON**

Við seljum merkjavöru. Merkjavara þýðir gæði.

SOFÐU VEL UM JÓLIN



Svefn & heilsa  
★★★★★

www.svefn.is

Jólagjöf fylgir hverri heilsudýnu



Chiropractic®




Jólatilboð

Signature Queen kr. 119.900.-

Sú besta

samkvæmt stærstu  
samtökum kírópraktora í heimi

IQ-CARE  
HEILSUDÝNUR



Einstök þrýsitjöfnun  
og réttur stuðningur

Jólatilboð  
Queen stærð  
kr. 129.900.-

Gerðu samanburð

iq-care.com

Nýr fjölstillanlegur Wallhugger



Jólatilboð Hjónarúm með  
okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu  
2x 90 x 200 cm. kr. 299.900.-

Mest selda stillanlega rúmið

Frábær reynsla



BIFLEX

Jólatilboð Hjónarúm með  
okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu  
2x 90 x 200 cm. kr. 199.900.-

Konfektikassi fylgir  
hverjum heilsukodda



Vinsælasta  
jólagjöfin

IQ-CARE  
HEILSUKODDAR

Large kr. 7.490.-  
Medium kr. 6.990.-  
Small kr. 5.990.-

Amerískar  
heilsudýnur

SLEEP &  
HEALTH



Jólatilboð Royalty Queen  
kr. 99.900.-

Sleep  
Series



Jólatilboð  
Euro 120x200 59.900.-  
Queen 153x200 69.900.-



Leður  
Hægindastólar

Kr. 54.000.-


Svefn sófar



Verð frá kr. 79.900.-



Úrval af húsgögnum



Úrval af teppasettum  
Damask Sænguversett  
Hágæða dúnsængur ofl.

Frí heimsending á heilsudýnum á stór-Reykjavíkursvæðinu og Akureyri

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150  
Ópið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 15:00

